

AÐALSKIPULAG RANGÁRÞINGS EYSTRA 2003-2015

FORSENDUR

FEBRÚAR 2005



TEIKNISTOFA ARKITEKTA
GYLFI GUÐJÓNSSON OG FÉLAGAR EHF
LANDMÓTUN EHF
TEIKNISTOFAN SKÓLAVÖRÐUSTÍG 28 SF
LANDSLAG EHF

Efnisyfirlit

1. Almenn atriði	2
1.1. Inngangur.....	2
1.2. Afmörkun.....	2
1.3. Staða skipulagsmála.....	3
2. Um hverfi	4
2.1. Landslag.....	4
2.2. Jarðfræði.....	4
2.3. Veðurfar.....	5
2.4. Gróðurfar og dýralíf.....	6
2.5. Fuglalíf.....	7
2.6. Ár, vötn og stendur.....	9
2.7. Jarðefni og námur.....	10
2.8. Hættusvæði.....	10
2.9. Náttúruvemd.....	12
3. Byggð	16
3.1. Einkenni og yfirbragð.....	16
3.2. Íbúar.....	17
3.3. Aldursdreifing.....	19
3.4. Íbúðarhúsnæði, íbúðarbyggð.....	20
3.5. Frístundabyggð.....	21
3.6. Menningarminjar og húsvernd.....	22
4. Atvinnulíf	38
4.1. Atvinnugreinar.....	38
4.2. Atvinnusvæði.....	43
5. Félags- og fræðslumál	45
5.1. Skólar.....	45
5.2. Heilbrigðismál.....	45
5.3. Félagsþjónusta.....	46
5.4. Trúarstofnanir.....	46
5.5. Íþrótt- og tómstundamál.....	46
6. Samgöngur og tæknimál	48
6.1. Samgöngur.....	48
6.2. Vegakerfi.....	48
6.3. Gatnakerfi í þéttbýli.....	50
6.4. Flugvellir.....	51
6.5. Hafnir.....	51
6.6. Göngu- og reiðleiðir.....	51
6.7. Veitur.....	52
6.8. Sorp.....	55
6.9. Brunavarnir og löggæsla.....	55
7. Helstu heimildir	57
8. Skýringarkort	58

1. ALMENN ATRIÐI

1.1. INNGANGUR

Í hefti þessu, áfangaskýrslu 3 um aðalskipulag Rangárþings eystra, er gerð grein fyrir helstu forsendum fyrir gerð aðalskipulags Rangárþings eystra 2003-2015. Leitast er við að setja þær fram á þann hátt að komi að gagni við umfjöllun skipulagstillögunnar og afgreiðslu. Gerð er grein fyrir helstu skipulagsforsendum, staðháttum og stöðu þeirra málaflokka sem fjallað er um í aðalskipulaginu. Hvorki er fjallað um sögu svæðisins né talin upp öll fyrirtæki og stofnanir heldur er leitast við að takmarka umfjöllun við þau atriði sem helst skipta máli við ákvarðanatöku um landnýtingu í aðalskipulaginu.

Efnisöflun, úrvinnsla og framsetning var unnin af Gylfa Guðjónssyni og Árna Ólafssyni, arkitektum og Hrund Skarphéðinsdóttur, verkfræðingi, starfsmönnum Teiknistofu arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf, Yngva Þór Loftsyni landslagsarkitekt hjá Landmótun ehf, Stefáni Erni Stefánssyni arkitekt hjá Teiknistofunni Skólavörðustíg 28 sf og Finni Kristinssyni landslagsarkitekt og Ómari Ívarssyni landfræðingi, starfsmönnum Landslags ehf. Fornleifastofnun Íslands kortlagði fornleifar í dreifbýlinu og vann aðalskráningu fornleifa á Hvolsvelli. Elín Erlingsdóttir, landfræðingur hjá Landnot ehf vann kort af túnnum og mannvirkjum í dreifbýlinu. Jóhann Óli Hilmarsson undirbjó tillögur um náttúruvernd vegna votlendis og fuglalífs. Magnús Tumi Guðmundsson jarðeðlisfræðingur á Raunvísindastofnun Háskóla Íslands lagði til efni í kafla um svæði undir náttúruvá vegna eldgosa og vatnsflóða. Auk þess komu starfsmenn og stjórnendur sveitarfélagsins að efnisöflun og úrvinnslu gagna.

1.2. AFMÖRKUN

Nýtt aðalskipulag Rangárþings eystra tekur til alls lands sveitarfélagsins sem er um 1.840 km² að flatarmáli. Mörk sveitarfélagsins eru í grófum dráttum við Hólsá, um Landeyjar og við Þverá í vestri, við Eystri Rangá og um Þríhyrning og Tindfjallajökul í norðri, á Mýrdalsjökli í austri og til sjávar við Jökulsá á Sólheimasandi. Sveitarfélagsmörkin fylgja mörkum frá Landmælingum Íslands nema dregin er bein lína milli Hæringsfells og Ímis skv landamerkjalyðingu frá því um 1890. Aðliggjandi

sveitarfélög eru Rangárþing ytra að vestan og norðan og Mýrdalshreppur að austan. Skaftárhreppur liggur einnig að Rangárþingi eystra á Mýrdalsjökli.

1.3. STAÐA SKIPULAGSMÁLA

Sveitarfélagið Rangárþing eystra var stofnað 9. júní 2002 þegar sameinuð voru sex sveitarfélög: Austur-Eyjafjallahreppur, Vestur-Eyjafjallahreppur, Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur og Hvolhreppur. Austur-Eyjafjallahreppur, Fljótshlíðarhreppur og Hvolhreppur höfðu fyrir sameininguna hafið vinnu við gerð aðalskipulags og voru mislangt á veg komin.

Fyrir liggur samþykkt aðalskipulag Hvolsvallar 1990-2010 og svæðisskipulag Miðhálandis Íslands 2015 sem var staðfest í maí 1999 og gildir fyrir land ofan marklínu sem dregin var á milli heimalanda og afrétta.

Tilfni skipulagsgerðarinnar er annars vegar ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 um að allt land sé skipulagsskylt og hins vegar nauðsynleg stefnumótun og áætlanagerð fyrir hið nýja sveitarfélag.



Í Landeyjum

Ljósmynd.: Teiknistofa arkitekta



Undir Eyjafjöllum

Ljósmynd.: Teiknistofa arkitekta

2. UMHVERFI

2.1. LANDSLAG

Landslag innan sveitarfélagsins er fjölbreytt frá fjöru til fjalla og jökla. Ströndin er öll lágland, sendin og hafnlaus með lónum og ósum. Sandarnir eru Landeyjasandur í vestri, Eyjafjallasandur og Skógasandur austast. Á vesturhluta svæðisins er víðáttumikið flatlendi upp frá ströndinni, Landeyjar, allt upp að Fljótshlíð. Þaðan teygir það sig inn með aurum Markarfljóts milli Fljótshlíðar og Eyjafjalla. Í Fljótshlíð hækkar landið í átt að Tindfjallajökli. Í austurhluta sveitarfélagsins rísa há og svipmikil fjöll með áberandi hálendisbrún upp af flatlendu og ná hæstum hæðum í jöklunum Eyjafjallajökli og Mýrdalsjökli. Áberandi kennileiti auk jöklanna þriggja eru Þríhyrningur upp af Fljótshlíð, Stóra-Dímon á aurum Markarfljóts og brattar hlíðar Eyjafjalla.

2.2. JARÐFRÆÐI

Berggrunnur svæðisins telst að stærstum hluta til yngri grágrýtismyndunarinnar (yngri en 0.7 milljón ár) og er byggður upp af basískum og ísúrum hraunum, móbergi og móbergsseti. Auk þess finnast súrar gosminjar (ríólít) í Tindfjallajökli og Þórsmörk.

Flatlendið er að mestu vatnaset nema meðfram Markarfljóti þar sem eru áraurar. Upp frá ströndinni er mjór kragi af foksandi.

Þrjú eldstöðvakerfi hafa einkum mótað jarðfræði svæðisins og umlykja það nánast. Þetta eru virk eldstöðvakerfi þar sem hlaðist hafa upp miklar megineldstöðvar með öskjum í síendurteknum gosum. Þessar megineldstöðvar eru huldar jökli og hafa eldgos í þeim valdið gífurlegum jökulhlaupum sem myndað hafa flatlendið að stærstum hluta með framburði sínum.

Í norðri er **Tindfjallakerfið**. Aldur þess nær yfir að minnsta kosti þrjú síðustu jökulskeið og hlýskeiðin á milli. Í Tindfjallajökli er askja sem myndaðist fyrir 52.000 árum í kjölfar mikils hamfaragoss. Í þessu eldgesi barst svokallað eldský yfir Þórsmörk sem skildi eftir sig sambrætt flikrubergr. Um 10-12 goseiningar hafa fundist utan til í fjöllum og við öskjubarmana sem taldar eru 10.000 - 15.000 ára gamlar. Tindfjallakerfið er talið til virkra eldstöðva enda eru mörg þúsund ára goshlé þekkt í megineldstöðvum.



Undir **Mýrdalsjökli** er 500 - 700 m djúp og gríðarstór jökulfyllt askja. Þrjú meginskörð eru í öskjubarminum og ganga skriðjökurnir Höfðabrekkujökull, Entujökull og Sólheimajökull út um skörðin. Eldstöðin Katla er í austurjaðri öskju-sprungunnar við upptök Höfðabrekkujökuls. Undir Mýrdalsjökli hafa orðið a.m.k. 17 eldgos frá landnámi en líklega eru þau eitthvað fleiri. Síðasta gos sem vitað er um með vissu varð árið 1918 en þá gaus Katla miklu öskugosi. Hugsanlega gaus undir jöklinum 1955 og 2000 án þess að gosin næðu yfirborði. Við gos undir jökli bráðnar mikið vatn sem mettast ösku og veldur miklu eðjuhlaupi sem getur borið með sér stór björg og ísjaka.

Eyjafjallajökull er dæmigerð og formfögur eldkeila með lítilli öskju (eða risastórum gíg). Á síðustu árum hefur orðið vart aukinnar virkni í jöklinum sem kemur fram í uppstreymi koltvíoxíðs, myndun nýrra jarðhitasvæða, jarðskjálfta og landlyftingu. Getið er um tvö gos í Eyjafjallajökli í annálum árin 1612 og 1821, en hvorugt þeirra var stórt. Skriflegar heimildir benda þó til að seinna gosinu hafi m.a. fylgt allmikið jökulhlaup í Markarfljóti.

2.3. VEÐURFAR

Veðurstofa Íslands er með tvær sjálfvirkar veðurstöðvar í Rangárþingi eystra, að Steinum undir Eyjafjöllum og Sámstöðum í Fljótshlíð. Veðurstofan er einnig með skeytastöð við Bása í Þórsmörk og úrkomustöðvar við Hólma og Skóga undir Austur Eyjafjöllum.

Veðurlag er ólíkt eftir staðháttum í sveitarfélaginu. Láglandi sunnan fjalla liggur vel við sól og er vetrarhiti þar og í nágrennasveitunum fyrir austan og vestan hærrí en annars staðar á landinu. Einnig verður að teljast hlýtt þar á sumrin þó sérstaða sveitarinnar sé þá ekki jafn mikil og að vetrarlagi. Hitastig mælt á Sámstöðum hefur síðustu ár farið niður í -11°C yfir vetramánuðina og á sumrin hefur mælst þar 22°C . Meðalhitastig mánaðanna er í kringum -1 til -2°C á veturna og 10 til 11°C á sumrin.

Eyjafjöll og Landeyjar liggja fyrir opnu hafi. Undir Eyjafjöllum getur úrkoma orðið mikil á öllum árstímum. Fjöllin stýra einnig vindáttum að miklu leyti. Vindar blása lengst af úr áttum nokkurn veginn samsíða strönd og fjallshlíð. Misvindasamt getur orðið í austlægum áttum þar. Undir Eyjafjöllum og í Landeyjum er yfirleitt mjög snjólétt og vorar fyrr þar en annars staðar á landinu. Út af því getur þó brugðið stöku sinnum og dregur snjó þá gjarnan í mikla skafla.



Í Fljótshlíð

Ljósni.: Teiknistofa arkitekta

Veðurbliða getur orðið mikil í Fljótshlíð og Þórsmörk. Fjöllin sem umlykja Þórsmörk mynda gott skjól fyrir vindum að norðan, austan og sunnan. Mörkin er opin fyrir vestanátt.

2.4. GRÓÐURFAR OG DÝRALÍF

Á **láglandinu** eru miklir mýrarflákar sem hafa verið þurrkaðir upp og ræktaðir. Samfelldast er mýrlendið í Landeyjum allt frá Hólsá að Markarfljóti. Í Fljótshlíð og hlíðum Eyjafjalla er vallendis- og blómabrekkur og víða nokkurt kjarrlendi. Í Þórsmörk eru einu náttúrulegu birkiskógarnir í Rangárþingi eystra en þar hafa verið skráðar um 170 tegundir háplantna. Af sjaldgæfum tegundum þar má nefna skrautpunt og grástör. Í hlíðum Eyjafjalla eru einhver suðrænustu og hlýjustu svæði landsins og þar vaxa margar tegundir sem sjaldséðar eru annars staðar t.d. svartburkni, grástör, loðgresi, stúfa, garðabruða, selgresi. Mosaburkni hefur hvergi fundist utan þessa svæðis hér á landi og gljástör og svartburkni finnast aðeins á einum öðrum stað. Þá finnast þar fléttur sem ekki finnast annarsstaðar á landinu.

Á **hálandinu** upp af Þórsmörk og umhverfis Tindfjallajökul er landið þokkalega gróið og gróðurfur fjölbreytt. Strjálgrónir vikrar, melar og fjallendi eru þó víða. Á Almenninum sem eru illa grónir er mosabemba algengust ofan til en þursaskeggsmói áberandi þegar neðar dregur. Birki og víðir finnast þó á nokkrum stöðum.

Hálendið umhverfis Eyjafjallajökul er í heild vel gróið nema næst jökli. Þar er mosabemba algengasta gróðurlendið ásamt grasvíði og snjómosadæld. Í fjallshlíðum er starmói, graslendi og lyngmói algeng en votlendi fátítt.

Í kafla 8, uppdraettir, er að finna gróðurkort. Kortið byggir á gögnum frá Náttúrufræðistofnun Íslands (1998) og eru þar dregnir fram meginþættir gróðurfarsins. Á láglandi er gróðurgreiningin byggð á mjög takmarkaðri vettvangsvinnu en uppi á hálandinu er stuðst við útgefin gróðurkort sem unnin voru í stærri mælikvarða. Aðeins eru sýnd samfelld gróðursvæði sem hafa 50 % gróðurþekju eða meira. Gróðurkortid er að finna í kafla 8.

Eftirfarandi er lýsing á gróðurkortu:

Mosagróður: Gróðurlendi þar sem mosi er ríkjandi tegund. Aðallega er um að ræða grámosa (Racomitrium) sem er lang algengasta mosategundin um allt land. Stundum er mosabemban alveg hrein en ýmsar aðrar plöntutegundir geta vaxið í mosanum og þakið allt að 50% yfirborðsins. Of eru ógreinileg skil milli mosabembu og annars þurrlendisgróðurs en á kortið er

merktur mosagróður þegar þekja hans er 50% eða meiri. Mosþembu er einkum að finna þar sem gróðurskilyrði eru óhagstæð og jarðvegur grunnur. Þá er þekjan oft slitrótt og mjög viðkvæm fyrir ágangi manna og búfjár.

Mólandi, graslandi og ræktað land: Á kortinu er slegið saman í einn flokk öllum þurrlandisgróðri öðrum en mosagróðri. Það er því um mjög ólík gróðurlendi að ræða, s.s. kvistlandi, kjarrlandi, sef og starmóa, graslandi og blómlandi. Gróðurþekja þessara gróðurlenda er almennt meiri en í mosagróðri, jarðvegurinn dýpri og slitþol hans er meira. Þessi gróðurflokkur er því ekki eins viðkvæmur og mosagróðurinn og þolir meiri ágang.

Votlendi: Þessi flokkur samanstendur af deiglendi (hálfleigju), mýri, flóa og vatnagróðri. Aðallega er um að ræða mýri og flóa, en mýrin er útbreiddari og tegundaauðugri en flóinn. Aðaltegundir votlendisins eru hálfgrös, s.s. starir og fiða. Í mýri stendur grunnvatnið almennt í gróðursverðinum en í flóa flýtur það yfirleitt yfir svörðinn. Deiglendi er á mörkum þurrlandis og votlandis. Gróðurbreiða votlendisins er ofast samfelld, jarðvegurinn djúpur og mómyndun alla jafna mikil. Votlendu er síður hætt við uppblæstri en öðrum gróðri og þolir betur ágang manna og búfjár. Lífríki votlendisins er fjölbreytt og það er m.a. mjög mikilvægt kjörlandi margra fuglategunda.

Bersvæðisgróður, melur og sandur: Undir þennan flokk fellur land þar sem gróðurþekjan er minni en 50%, eða þar sem samfellt gróðurlendi er oflítið til að unnt sé að sýna það í viðkomandi mælikvarða. Um er að ræða mismunandi lítt gróið land allt frá því að vera nánast alger auðn upp að því að geta kallast hálfgróið. Þegar landið getur kallast hálfgróið er það sýnt á kortinu. Þetta land samanstendur aðallega af mismunandi grýttum melum, grýttu fjalllendi, vikrum, söndum, hraunum, eyrum og mold.



Hrafn, verpir í Þórsmörk og víðar í Rangárþingi eystra.

Ljósmynd.: Jóhann Óli Hilmarsson

2.5. FUGLALÍF

Í tengslum við aðalskipulagsvinnuna tók Jóhann Óli Hilmarsson saman skýrslu um fuglalíf. Hún byggir á fyrirliggjandi gögnum sem þeir Einar Ó. Þorleifsson söfnuðu á árunum 1990-94 í tengslum við skráningu á votlendi á Suðurlandi. Sú skráning náði reyndar ekki nema austur að Holtsósi. Stuðst var við náttúruminjaskrá og skrá um alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði og öll fuglasvæði sem þar er getið eru tekin með.

Mikilvægustu fuglasvæði á Suðurlandi eru undantekningarlítið á votlendi. Mikið hefur verið gengið á votlendi með framræslu sem stóð sem hæst um miðbik síðustu aldar og er talið að 80-90% allra mýra á Suðurlandi séu meira eða minna skemmdar. Votlend fuglasvæði einkenna héraðið og því er þeim gert sérstaklega hátt undir höfði en það er eitt mikilvægasta verkefni í íslenskri náttúruvernd að vernda þau svæði sem enn eru heil eða heilleg. Áhersla er lögð á möguleika endurheimtar, þar sem votlendi



Bjúgvatn í Djúpadal.

Ljósmynd.: Jóhann Óli Hilmarsson



Mýrin við Vallarnes.

Ljósmynd.: Jóhann Óli Hilmarsson

hefur verið raskað með framræslu og skurðum. Endurheimt vatna og tjarna er oft á tíðum tiltölulega auðveld framkvæmd.

Eftirfarandi ellefu svæði og staðir í Rangárþingi eystra hafa mikla þýðingu fyrir fugla. Aðallega er hér um að ræða óraskað votlendi, en einnig skóglendi og sanda. Getið er um staði, þar sem endurheimt votlendis er æskileg og auðframkvæmanleg til að bæta umhverfið og auka fuglalíf. Kort af svæðunum er að finna í kafla 8.

1. **Langanes og Djúpidalur.** Sérstæð bjúgvötn við Eystri-Rangá, með ríkulegu fuglalífi. Tengjast Lambhagavatni vestan ár og eru ásamt því einn mikilvægasti staðurinn í Rangárvallasýslu fyrir endur. Lambhagavatn og Langanes eru á náttúruminjaskrá og ásamt Oddaflóði á skrá um alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði.
2. **Vallarnes** í landi Vallarhjáleigu og Bakkavallar. Hefur myndast á svipaðan hátt og Langnes og Djúpidalur, sem bugða eða bugður úr Eystri-Rangá. Mýri með ríkulegu fuglalífi, sem hefur sérstaklega verið hlúð að af landeigendum.
3. **Eystri-Rangá** frá upptökum að ármótum við Hólsá. Falleg lindá með töluverðu fuglalífi, m.a. er hún ein helsta straumandaá landsins.
4. **Skúmsstaðavatn – Klasbarðaengjar.** Stöðuvatn og mýrlendi umhverfis það, sérstaklega að austan og einnig teygir svæðið sig suður fyrir veg að gljánni. Þetta er fjölbreyttasta fuglasvæði héraðsins. Vatnið er illa farið vegna framræslu og brýnt að endurhæfa það. Það er á náttúruminjaskrá og skrá um alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði vegna mikilvægis þess sem viðkomustaður farfugla (álft, blesgæs, jaðrakan) og vegna fjölbreyttrar varp fuglafánu.
5. **Tumastaðir – Tunguskógur.** Stærsti plantaði skógur héraðsins. Fjölbreytt skógarfuglafána og aðdráttarafl fyrir sjaldgæfa varp fugla. Í umsjá Skógræktar ríkisins.
6. **Votlendi með Þverá og Affalli.** Óræktað land milli Fljótshlíðar, Þjóðveggar 1 og Markarfljóts. Það er að gróa upp, vegna þess hve dregið hefur úr beit. Fjölbreytt fuglalíf, sérstaklega á blautari hlutunum. Er tekið hér með, vegna þess að þetta er hluti af alþjóðlega mikilvægu fuglasvæði, Markarfljótsaurum, sem er skilgreint sem slíkt vegna mikils þéttleika spóa.

7. **Affall.** Affall, Spjararlækur og aðliggjandi votlendi. Fjölbreytt fuglalíf á svæði, sem er beitarfriðað að mestu og er að gróa upp. Er innan alþjóðlega mikilvæga fuglasvæðisins Markarfljótsaura.
8. **Hallgeirseyjarfljót.** Votlendi milli bæjanna Hallgeirseyjar og Kross. Fjölbreytt votlendi og dæmi um Landeyjarnar eins og þær litu út fyrir daga framræslunnar.
9. **Markarfljótsaurar – Tjarnarnes.** Fjölbreytt gróðurfar á gömlum aurum Markarfljóts. Ríkulegt fuglalíf, m.a. talsvert skúmavarp. Á náttúruminjaskrá og hluti af alþjóðlega mikilvæga fuglasvæðinu Markarfljótsaurum.
10. **Þórsmörk.** Þórsmörk og Goðaland. Fjölbreytt kjörlendi, m.a. náttúrulegur birkiskógur. Töluvert fuglalíf.
11. **Holtsós.** Holtsós og mýrlendi umhverfis, aðallega austan óss, að bænum Berjanesi. Fjölbreytt fuglalíf árið kring á ósnum og í votlendinu verpa og hafa viðkomu algengir votlendisfuglar.

Nokkrir staðir eru nefndir sem þarfnast nánari skoðunar og gætu ef til vill átt heima í skránni. Þetta eru Vatnsdalsvatn, votlendi um miðbik Vestur-Landeyja, Hvannavatn og Hólsá, Skíðabakkavatn og nálæg vötn, Álftarhólsvatn og nágrenni, Brekkur við Seljalandsfoss og Kverkin, skógræktin á Skógum og loks Skógasandur.¹

2.6. ÁR, VÖTN OG STRENDUR

Vestast er Eystri-Rangá sem er að uppruna lindá en í hana renna jökulár úr Tindfjallajökli sem gera hana jökulskotna. Þegar kemur niður á láglendið rennur Eystri-Rangá í Þverá sem síðan sameinast Ytri Rangá og heitir síðan Hólsá til sjávar.

Affall er lindá sem kemur upp á aurunum fyrir vestan Markarfljót. Hún skilur að Austur og Vestur Landeyjar og fellur til sjávar á milli Hallgeirseyjar og Bergþórshvols.

Berggrunnurinn í fjallendinu ofan Fljótshlíðar og Þórsmerkur er þéttur í sér þannig að úrkomuvatn rennur þar á yfirborði. Þá leggja jöklarnir til mikið afrennsli. Stærstu

¹ Jóhann Óli Hilmarsson. 2004

Nr.	Heiti	Tegund námu
N1	Miðöldunáma	Malarnáma
N2	Efri Hvoll	Malarnáma
N3	Hemla	Malarnáma
N4	Dufbaksholt	Malarnáma
N5	Lambey	Malarnáma
N6	Torfastaðir	Malarnáma
N7	Gláma Hellishólar	Malarnáma
N8	Kvoslækjargryfja	Malarnáma
N9	Við Fiská	Malarnáma
N10	Hallskot	Malarnáma
N11	Barkastaðir	Griótnáma
N12	Mögugilsnáma	Malarnáma
N13	Klappir milli Fífuhvamms og	Griótnáma
N14	Berjanes	Malarnáma
N15	Kanastaðanáma	Malarnáma
N16	Afall við Fífholt	Malarnáma
N17	Efri Úlfsstaðir	Malarnáma
N18	Áflhólahjáleiga	Malarnáma
N19	Afall (við Bergþórshvol)	Malarnáma
N20	Svanavatn	Malarnáma
N21	Stampagil	Griótnáma
N22	Fagrafell	Mómöl
N23	Markarfljót	Malarnáma
N24	Álar	Malarnáma
N25	Írá	Malarnáma
N26	Miðskálaá	Malarnáma
N27	Holtnúpur	Malarnáma
N28	Steinacrufia (Steinalækur)	Griótnáma
N29	Svaðbælisá, ofar	Griótnáma
N30	Svaðbælisá, neðar	Malarnáma
N31	Bakkakots og Laugará	Malarnáma
N32	Kaldaklifsá	Malarnáma
N33	Hrútafell	Mómöl
N34	Skógá (neðan vegar)	Malarnáma
N35	Jökulsá á Sólheimasandi	Malarnáma

árnar eru Krossá (oft með miklum aurburði og slæmum vöðum) Fremri-Emstruá, Hvítmaga og Gilsá. Þessar ár ásamt öðrum smærri sameinast í Markarfljóti sem rennur til sjávar undan Eyjafjöllum austan Landeyjasands.

Fjallendið umhverfis Eyjafjallajökul er mikið úrkomusvæði en einnig rennur talsvert vatn frá jöklinum. Helstu ár eru Seljalandsá og Skógá. Skógafoss er neðsti fossinn í Skógá, 60 m hár og að jafnaði vatnsmikill. Í Seljalandsá steypist Seljalandsfoss fram af hömrum Vestur- Eyjafjalla, um 40 m hár. Austast er afrennsli Sólheimajökuls, Jökulsá á Sólheimasandi.

Ströndin er lág, sendin og hafnlaus með nokkrum lónum og ósum. Þau stærstu eru Skipagerðisós og Holtsós og ósar Hólsár, Affallsins, Markarfljóts og Fúlukvíslar (Jökulsár á Sólheimasandi). Stöðuvötn eru fá en stærst þeirra er Skúmsstaðavatn í Vestur Landeyjum.

2.7. JARÐEFNI OG NÁMUR

Námur í sveitarfélaginu eru flestar í umsjá Vegagerðarinnar. Að undanskildum 3 námum af 35 eru þær allar í árfarvegum jökuláa þannig að endurnýjun á efni er góð. Þessar þrjár námur eru Efri Hvoll, Fagrafell og Holtnúpur. Á mörgum stöðum er nauðsynlegt að taka efnið sem jökulárnar bera fram og er talið jákvætt að dreifa slíkum efnistökusvæðum. Flestar eru námurnar malarnámur og hefur umgengni um þær verið misgóð.

Núverandi efnistökusvæði eru sýnd skýringaruppdrætti, merkt bókstafnum N og númeri. Heiti svæðanna eru sýnd í töflu. Sýnd eru öll efnistökusvæðin, þ.e. heimanámur og námur Vegagerðarinnar.


2.8. HÆTTUSVÆÐI

2.8.1. JARÐSKJÁLFTAR

Hætta á stórum jarðskjálftum er hvergi meiri en á Suðurlandsundirlöndinu. Á Rangárvöllum hafa orðið á seinustu átta öldum a.m.k. 16 jarðskjálftar (jafnvel 21) svo sterkir að hús hafa hrundið. Upptök stórra skjálfta liggja austarlega á A-V jarðskjálftabeltinu á Suðurlandi.



Núverandi efnistökusvæði í Rangárfingi eystra 2003



Lárétt hönnunarhröðun í jarðskjálftum í Rangárfingi eystra m.v. 500 ára endurkomutíma. Heimild: Eurocode 8

Skjálftasvæðum Íslands hefur verið skipt niður í fimm hönnunarhröðunarsvæði þar sem taldar eru 10% líkur á jarðskjálfta af ákveðinni stærðargráðu á 50 ára tímabili. Hæsti áhættuflokkurinn hefur hönnunarhröðunina $a_g = 0,4$ (0,4g) en það er 40% af þyngdarhröðuninni. Næsti áhættuflokkur hefur hönnunarhröðunina 0,3g. Síðan koma 0,2g, 0,15g og að lokum 0,1g. Við hönnun mannvirkja er miðað við hönnunarhröðun hvers svæðis.

Veruleg sveiflumögnun getur orðið á hraunlögum ofan á setlögum samanborið við jarðskjálftaáhrif á klöpp. Viða á Suðurlandsundirlendinu háttar þannig til og því ástæða til að sýna sérstaka aðgát við hönnun mikilvægra mannvirkja. Rangárþing eystra er á jaðri Suðurlandsskjálftabeltis og er Hvolsvöllur í hæsta áhættuflokki, eða 0,4g. Fljótshlíðin er í áhættuflokki 0,3g og aðrir hlutar sveitarfélagsins í áhættuflokki 0,2g²

Áhrif jarðskjálftar geta því orðið meiri á Hvolsvelli og í Fljótshlíðinni en austar í sveitarfélaginu.

2.8.2. ELDGOS OG HLAUP

Eldstöðvarnar Katla, Eyjafjallajökull og Goðabunga geta valdið hættu í sveitarfélaginu en unnið hefur verið að greiningu og mati á hættu vegna eldgosa og hlaupa úr þeim.

Katla hefur gosið að meðaltali tvisvar á öld frá því að land byggðist og hafa goshlé bæði verið stutt og löng. Rannsóknir sýna að gosvirkni í Kötluöskjunni er oftast á svipuðum slóðum. Við ástand sem nú ríkir eru taldar um 85% líkur á að næsta Kötlugos verði á svæði Kötlujökuls þaðan sem hlaup fara yfir Mýrdalssand, 7-10% að það verði á svæði Sólheimajökuls með hlaupi yfir Sólheimasand, og 5-8% líkur á að það gjósi á svæði Entujökuls, en þaðan myndi jökulhlaup leita vestur í farveg Markarfljóts. Nú eru liðin 86 ár frá Kötlugosinu 1918 og benda nýjar rannsóknarniðurstöður til þess að stærð Kötlugosa sé ekki háð lengd goshléa. Löng goshlé koma oft í kjölfar stórra gosa eins og raunin var 1918 og þarf því ekki að þýða að næsta Kötlugos verði endilega stórt. Vísendingar og ummerki eru um stór hlaup niður Markarfljót sem orðið hafa á 500- 700 ára fresti síðustu sjö þúsund ár. Rennsli í stærstu hlaupunum hefur verið metið 100.000 til 300.000 m³/s en önnur eru minni.

² Staðlaráð Íslands.



Skógafoss

Ljósmynd: Teiknistofa arkitekta

Rennslislíkan fyrir hamfarahlaup upp á 300.000 m³/s á vatnasvæði Entujökuls sýnir að eftir tvo og hálfan tíma frá því að hlaup fer af stað er það við Stóra-Dímon. Það er hins vegar ekkert sem bendir til að svona hamfarir gerist frekar nú en áður.

„Vitað er um eldgos í Eyjafjallajökli 1612 og 1821-1823. Litlar heimildir eru um fyrra gosið en nokkrar um það seinna. Bæði virðast hafa verið fremur lítil. Gosið 1821-1823 varð í tindi fjallsins, að því er virðist í norðvesturhluta öskjunnar. Jökulhlaup komu undan Gígjökli meðan á gosinu stóð³.“ Hlaupið stóð aðeins yfir í þrjár klukkustundir og flæddi um allt láglendi hlíða á milli þannig að hvergi örlaði á steini milli Eyjafjalla og Fljótshlíðar⁴. Hlaup vegna goss í hlíðum Eyjafjallajökuls eru talin geta orðið allt að 10.000 m³/s. Brattar fjallshlíðarnar valda því að þessi hlaup gætu orðið mjög snögg og áhrifa þeirra gætt á láglendi eftir aðeins 20 - 30 mínútur frá upphafi goss.

Þá ber sérstaklega að nefna að á síðustu árum hefur viðvarandi og vaxandi skjálftavirkni verið suðvestan til í Mýrdalsjökli. Endurtekin kvikuinnskot hafa orðið undir Eyjafjallajökli á síðustu árum og hefur jarðhiti þar aukist.

2.9. NÁTTÚRUVERND

Sveitarstjórn Rangárþings eystra fer með náttúruverndarmál á skipulagssvæðinu. Hafa þarf samráð við Umhverfisstofnun vegna skipulags og framkvæmda á og við náttúruverndarssvæði s.s. svæði á náttúruminjaskrá eða þeirra sem falla undir 37. gr laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Í köflum 2.9.1 og 2.9.2 er nákvæmari skilgreining á einstökum náttúruverndarsvæðum en að öðru leyti gilda ákvæði náttúruverndarlaga.


Í 68. gr. laga um náttúruvernd 44/1999 er fjallað um náttúruminjaskrá. Þar segir:

„Í náttúruminjaskrá skulu vera sem gleggstar upplýsingar um:

- a. friðlýstar náttúruminjar
- b. náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa samkvæmt náttúruverndar-
áætlun, sbr. 65. gr.

³ www.raunvis.hi.is

⁴ Öm og Örlygur. 1989.



Skímsstaðavatn

Ljós.: Jóhann Óli Hilmarsson

- c. aðrar náttúruminjar, þ.e. landsvæði, náttúrumyndanir og lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi sem rétt þykir að vernda.“

Friðlýstum náttúruminjum er skipt í fimm flokka; 1) þjóðgarða, 2) friðlönd, 3) náttúruvætti, 4) friðlýstar lífverur, búsvæði og viskerfi og 5) fólkvangar en þeir eru reknir á ábyrgð og að frumkvæði sveitarstjórnar.

Í náttúruminjaskrá er lýst sérkennum náttúruminja og þýðingu þeirra fyrir náttúru landsins. Þar eru einnig upplýsingar um stærð (1) og náttúruverndargildi (2) hvers svæðis um sig.

2.9.1. FRÍÐLÝST SVÆÐI SKV. NÁTTÚRUVERNDARLÖGUM

Eitt svæði í Rangárþingi eystra er friðlýst skv. Náttúruverndarlögum:

- **Skógafoss er friðlýstur sem náttúruvætti** með auglýsingu 1982 og er hið friðlýsta svæði 2.204 ha. Friðlýsingin nær til Skógafoss ásamt nokkrum fossum ofar í Skógaá og næsta nágrennis árinna.

2.9.2. SVÆÐI Á NÁTTÚRUMINJASKRÁ

Innan sveitarfélagsins eru tólf svæði á náttúruminjaskrá.

- **Kvernugil (712)**, gljúfrið með Kvernufossi. (1) Gilið og nánasta umhverfi. (2) Sérstætt gljúfur með fögrum fossi, þ.e. Kvernufossi.
- **Drangurinn í Drangshlíð (713)**. (1) Drangurinn og nánasta umhverfi í landi Drangshlíðar undir Eyjafjöllum. (2) Sérkennilegur móbergsdrangi, áberandi einkenni í landslagi.
- **Þórsmörk (714)**. (1) Þórsmörk, Almenningar og afréttir sunnan Krossár vestur að Jökultungum. (2) Fjölbreytt og fagurt landslag. Skóglendi í skjóli jökla, að hluta til í umsjá Skógræktar ríkisins. Vinsælt útivistarsvæði.
- **Bleiksárgljúfur (715)**. (1) Gljúfrið ásamt fossum. (2) Þröngt og djúpt gljúfur. Fjölbreyttur gróður.
- **Merkjáfoss (Gluggafoss) (716)**. (1) Foss í Merkjá rétt vestan Múlakots. (2) Hár og sérstæður foss í fögru umhverfi.



Einhyrningur

Ljós.: Teiknistofa arkitekta

- **Litla- og Stóra-Dímon** (717). (1) Höfðarnir Litla- og Stóra-Dímon, í landi [Eyvindarmúli]⁵, ásamt nánasta umhverfi. (2) Svipmiklir, stakir móbergshöfðar.
- **Nauthúsagil** (718). (1) Nauthúsagil ásamt fossi, skammt fyrir innan Stóru-Mörk. (2) Djúpt og þröngt gil, fallegur foss.
- **Tjarnir og Tjarnanes** (719). (1) Að austan liggja mörk svæðisins um Markarfljót og að vestan um Ála. (2) Gróður og dýralíf. Mólendi og votlendi, mikið fuglavarp.
- **Seljalandsfoss og Gljúfrabúi** (720). (1) Fossarnir báðir, svo og hamrarnir og brekkan milli þeirra. (2) Einkar fallegir fossar, sem setja mikinn svip á landslagið, gróskumiklar brekkur.
- **Skúmsstaðavatn** (726). (1) Skúmsstaðavatn ásamt votlendi ofan Landeyjasands milli Grímsstaða og Klaufar, svo og Kuggavatn. (2) Gróðurmikið stöðuvatn, tjarnir og stararflóð. Mikið fuglalíf.
- **Emstrur og Fjallabak**, Rangárvallasýslu, V-Skaftafellssýslu (761). (1) Landsvæðið á milli svæðis nr. 730, og Friðlands að Fjallabaki annars vegar og Þorsmerkur og Mýrdalsjökuls hins vegar. Til vesturs ræður lína úr Jökulöldum um Þórólfsfell og Smáfjöll í Vondubjalla. Til austurs og norðurs ræður lína úr Öldufelli um Svartafell í Svartahnúk og þaðan í Torfajökul. (2) Stórbrotið og fjölbreytt landslag. Vinsælt útivistarsvæði. Æskilegt er að tengja svæðið Friðlandi að Fjallabaki.
- **Kálfshamar, Pöstin og Dysjarhóll**, [V-Eyja fjallahreppi]⁶, Rangárvallasýslu (762). (1) Klapparhólar framan við Hvammsnúp. (2) Klappir úr ankaramíti, sem er basalt með áberandi pýroxen- og ólivínílum. Klappirnar setja sterkan svip á umhverfið og við Pöstina er tengd þjóðsaga.

2.9.3. ÖNNUR VERNDARSVÆÐI

Í 37. grein náttúruverndarlaga segir um sérstaka vernd:

⁵ Rétt er Eyvindarmúli í stað Eyvindarkots

⁶ Rétt er Vestur Eyja fjöllum í stað V-Eyja fjallahreppi

Eftirtaldar jarðmyndanir og vistkerfi njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er:

- a. eldvörp, gervigígar og eldhraun,
- b. stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að stærð eða stærri,
- c. mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri,
- d. fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m² að stærð eða stærri,
- e. sjávarfitjar og leirur.

Ekki hefur verið gerð úttekt á ofantöldum jarðmyndunum og vistkerfum í Rangárþingi eystra. Því skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefndar áður en veitt er framkvæmda- eða byggingarleyfi, sbr. 27. og 43. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, til framkvæmda sem hafa í för með sér röskun ofangreindra jarðmyndana og vistkerfa. Mörg svæði sem falla undir sérstaka vernd eru hins vegar þegar vernduð með öðrum hætti; friðlýstir skv. náttúruverndarlögum (Skógarfoss), á náttúruminjaskrá (s.s. Skúmsstaðavatn og Seljalandsfoss) eða hverfisvernduð (s.s. Eyjafjallajökull).

Í svæðisskipulagi Miðhálandis 2015 eru syðri hlutar Eyjafjalla- og Mýrdalsjökuls flokkaðir sem almenn verndarsvæði. Nyrðri hlutar þeirra ásamt Þórsmörk eru flokkaðir sem náttúruverndarsvæði. Almennu verndarsvæðin fela í sér alhliða verndargildi sem tekur til náttúruminja, þjóðminja, mikilvægustu lindasvæða og útivistargildis.

3. BYGGÐ

3.1. EINKENNI OG YFIRBRAGÐ

Rangárþing eystra er blómlegt landbúnaðarhérað. Sveitirnar undir Eyjafjöllum, í Fljótshlíð og Landeyjum hafa hver sitt svipmót og einkenni sem mótast af ólíkum aðstæðum frá náttúrunnar hendi. Hvolsvöllur er þungamiðja verslunar og þjónustu í sveitarfélaginu og gegnir bærinn einnig mikilvægu hlutverki fyrir ferðaþjónustu og ferðamennsku á hálendinu


Fljótshlíðin hefur löngum verið þéttbýl enda er þar mikil veðursæld og grösugt. Bæirnir standa þétt eftir hlíðinni og undir brekkurótum. Nú er Þverá og Markarfljóti haldið í skefjum með varnargörðum en áður flæmdust árnar um aurana og takmörkuðu nýtingu þeirra. Samhliða breytingum á búskaparháttum með fækkun og stækkun bóa hefur ásókn í lönd undir frístundabyggð í Fljótshlíð aukist. Fjöldi jarða er nú nýttur fyrir frístunda- og afþreyingarbúskap, ferðaþjónustu og frístundabyggð. Þar sem uppbyggingin hefur verið mest er þessi nýja byggð orðin nokkuð samfelld s.s. í grennd við Goðaland.

Landeyjar eru marflatt votlendissvæði en stór hluti þess hefur verið ræstur fram. Bæirnir eru þar sem hólar og mishæðir standa upp úr flatlendinu á eins konar eyjum eins og heiti sveitarinnar gefur til kynna. Byggðin er dreifð en þéttist eftir því sem austar dregur. Landbúnaður er stundaður á flestum jörðum og hefur ásókn í frístundabyggð ekki verið mikil. Áður en vötnin voru heft með fyrirhleðslum var ágangur þeirra mikill og er landið skorið af fljótsvegum Markarfljóts. Sandfok frá ströndinni hefur verið heft með umfangsmikilli landgræðslu.

Sveitin undir Eyjafjöllum er flatlendi frá sjó upp að hamrahlíð Eyjafjalla. Sléttlendið er grösugt og er veðursæld mikil. Fjallabæir kallast bæjaröðin með fjallinu og ber sveitin þar svip af bröttum klettahlíðum sem mynda hvilftir og dali upp til heiðarlanda og jökla. Sjóbæirnir mynda nokkur bæjahverfi niðri á sléttlendinu. Með sjónum eru Eyjafjallasandur og Gljái. Nokkur frístundabyggð er undir Eyjafjöllum.


Á Hvolsvelli myndaðist þéttbýli upp úr 1933 þegar starfsemi Kaupfélags Hallgeirs-eyjar var flutt þangað. Bærinn er nú miðstöð verslunar og þjónustu í héraðinu og þar er stjórnsýsla sveitarfélagsins. Ferðaþjónusta er vaxandi þáttur í atvinnulífi bæjarins og hefur Sögusetrið á Hvolsvelli aukið aðdráttarafl hans í því tilliti. Bjallinn og

Íbúafjöldi á landinu og Suðurlandi, 1990-2001




Heimild: Hagstofa Íslands 2003

Íbúafjöldi í Rangárþingi eystra, 1990-2002




Heimild: Hagstofa Íslands 2003

Spá um íbúafjölda í dreifbýli Rangárþings eystra til ársins 2023



Spá um íbúafjölda á Hvolsvelli til ársins 2023



ÁR	Dreifbýli			Hvolsvöllur	
	DÆMI A	DÆMI B	DÆMI C	DÆMI D	DÆMI E
2002	963	963	963	692	692
2015	1068	963	929	767	808
2023	1128	963	908	810	889

Hvolsvöllur þar upp af, eitt aðalsérkenni bæjarstæðisins, setur mikinn svip á bæinn en Bjallinn gnæfir yfir byggðinni austanverðri. Á Hvolsvelli búa nú um 700 íbúar.

Vísir að þéttbýli varð til í Skógum undir Eyjafjöllum upp úr miðri 20. öld eftir að Héraðsskóli Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga var stofnaður þar árið 1949. Eftir að skólalaldi lauk hefur Byggðasafnið gegnt lykilhlutverki á staðnum en auk þess hafa Skógafoss og gönguleiðin yfir Fimmvörðuháls mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Í Skógum er þjónusta og verslun sem miðast að mestu við ferðafólk. Sumarhótel er rekið í gamla Héraðsskólanum. Í dag búa tæplega 30 manns í Skógum. Byggðin í Skógum er tvískipt. Annars vegar er íbúðarbyggðin undir brekkunni vestan byggðasafnsins í kringum skólann og sundlaugina en hins vegar við gamla barnaskólann og félagsheimilið nær þjóðvegnum.

Einnig er vísir að þéttbýli í Kirkjulækjarkoti í Fljótshlíð en þar fer fram sameiginlegt starf Hvítasunnusafnaðarins á Íslandi. Samningur er við þjóðkirkjuna um að í Kirkjulækjarkoti verði miðstöð kristilegs skátastarfs. Íbúafjöldi þar er á bilinu 20-30 manns.

3.2. ÍBÚAR

Talsverður munur er á íbúapróun á Suðurlandi og á landsvísi. Síðastliðin 12 ár hefur árleg fjölgun íbúa á landinu öllu verið í kringum 1% en síðustu ár á milli 1,2-1,4%. Á Suðurlandi hefur íbúum fjölgað hægar og fækkaði raunar á árunum 1995-1998. Meðaltalsfjölgun síðustu 12 árin á Suðurlandi var í kringum 0,4% á ári. Í árslok 2001 voru 21.326 íbúar á Suðurlandi.

Í Rangárþingi eystra bjuggu í árslok 2002 1.655 íbúar. Á síðastliðnum 12 árum hefur íbúum í sveitarfélögunum sex sem nú eru í Rangárþingi eystra fækkað um að meðaltali 0,3% á ári. Í dreifbýlinu og í Skógum hefur þeim fækkað hratt, að meðaltali um 1,9% á ári. Á móti hefur íbúum á Hvolsvelli fjölgað í kringum 1,5% á ári og voru þeir 692 í árslok 2002. Í Skógum voru íbúar í árslok 2002 27 talsins. Þetta er í samræmi við þær stórstígu breytingar sem nú ganga yfir í landbúnaði og landbúnaðarframleiðslu. Með hagræðingu og tæknivæðingu framleiða nú fá og stór bú jafn mikið ef ekki meira en gert var áður á mun fleiri býlum og smærri. Þessar grundvallarbreytingar hafa bæði í för með sér fólksflutninga úr sveit í bæ en einnig aukna búsetu til sveita án beinna tengsla við hefðbundinn landbúnað. Þannig eru flestar jarðir setnar þótt búskap hafi verið brugðið.

Tilgáta um fjölda í hverjum aldursflokki í dreifbýli

DÆMI A	2002	2015	2023	FJÖLGUN	
				2002-2015	2002-2023
Börn; 0-5 ára	76	78	79	3.1%	4.3%
Grunnskóli; 6-15 ára	162	158	160	-2.3%	-1.0%
Framhaldsskóli; 16-20 ára	83	85	86	3.4%	3.7%
Sémám; 21-25 ára	73	78	72	7.2%	-0.8%
Atvinnulíf; 26-66 ára	459	529	549	15.3%	19.8%
Eftirlauna ald ur; 67+	112	140	182	25.2%	62.5%
Samtals	963	1068	1128	9.8%	14.6%

DÆMI B	2002	2015	2023	FJÖLGUN	
				2002-2015	2002-2023
Börn; 0-5 ára	76	70	67	-7.1%	-10.9%
Grunnskóli; 6-15 ára	162	143	137	-11.9%	-15.5%
Framhaldsskóli; 16-20 ára	83	77	73	-6.8%	-11.4%
Sémám; 21-25 ára	73	70	62	-3.3%	-15.3%
Atvinnulíf; 26-66 ára	459	477	469	4.0%	2.3%
Eftirlauna ald ur; 67+	112	126	155	12.9%	38.8%
Samtals	963	963	963	0.0%	0.0%

DÆMI C	2002	2015	2023	FJÖLGUN	
				2002-2015	2002-2023
Börn; 0-5 ára	76	68	64	-10.4%	-16.0%
Grunnskóli; 6-15 ára	162	137	129	-15.0%	-20.3%
Framhaldsskóli; 16-20 ára	83	74	69	-10.1%	-16.5%
Sémám; 21-25 ára	73	68	58	-6.8%	-20.1%
Atvinnulíf; 26-66 ára	459	460	442	0.2%	-3.6%
Eftirlauna ald ur; 67+	112	122	146	8.9%	30.8%
Samtals	963	929	908	-3.7%	-6.1%

Tilgáta um fjölda í hverjum aldursflokki á Hvolsvelli

DÆMI D	2002	2015	2023	FJÖLGUN	
				2002-2015	2002-2023
Börn; 0-5 ára	54	56	57	3.1%	4.3%
Grunnskóli; 6-15 ára	116	114	115	-2.3%	-1.0%
Framhaldsskóli; 16-20 ára	59	61	62	3.4%	3.7%
Sémám; 21-25 ára	52	56	52	7.2%	-0.8%
Atvinnulíf; 26-66 ára	329	380	395	15.3%	19.8%
Eftirlauna ald ur; 67+	80	101	130	25.2%	62.5%
Samtals	692	767	810	9.8%	14.6%

DÆMI E	2002	2015	2023	FJÖLGUN	
				2002-2015	2002-2023
Börn; 0-5 ára	54	59	62	8.5%	14.5%
Grunnskóli; 6-15 ára	116	120	126	2.9%	8.6%
Framhaldsskóli; 16-20 ára	59	65	68	8.9%	13.8%
Sémám; 21-25 ára	52	59	57	12.9%	8.9%
Atvinnulíf; 26-66 ára	329	400	433	21.4%	31.4%
Eftirlauna ald ur; 67+	80	106	143	31.9%	78.3%
Samtals	692	808	889	14.4%	22.2%

Til þess að meta íbúafjöldann í sveitarfélaginu næstu áratugina er annars vegar litið á sveitina en hins vegar Hvolsvöll og er sú skipting gerð í samræmi við þróun undanfarandi ára.

3.2.1. SPÁ UM ÍBÚAFJÖLDA FYRIR DREIFBÝLIÐ

Íbúafjöldinn í sveitinni næstu áratugina er skoðaður út frá þremur dæmum:

A: Mannfjöldaspá Hagstofu Íslands fyrir landið allt.

B: Íbúafjöldinn standi í stað.

C: Árleg fækkun verði um 0,3% sem er sama þróun og árin á undan í sveitarfélaginu öllu.


Hagstofan vinnur mannfjöldaspá fyrir landið í heild og er þar gert ráð fyrir að árleg fjölgun landsmanna verði um 0,85% næstu árin en síðan muni hægja á henni þannig að í árslok 2023 verði hún um 0,63%. Spá Hagstofunnar er gerð 20 ár fram í tímann eða til ársins 2023 en skipulagstímabil aðalskipulagsins er til 2015. Framreikningar til 2023 eru hafðir með hér til þess að sýna þær breytingar sem spáð er að muni verða á aldursamsetningu íbúanna næstu árin eftir lok skipulagstímabilsins enda verða þær tiltölulega snöggar og gefa tilefni til þess að hafa viðbúnað í tíma.

Ef íbúaðróunin fylgdi dæmi A yrðu íbúar í sveitinni um 1.070 árið 2015 og um 1.130 árið 2023. Í dæmi B yrði engin breyting á íbúafjöldanum en samkvæmt dæmi C yrðu íbúar um 930 árið 2015 og 910 árið 2023. Í grófum dráttum má áætla að íbúar í dreifbýli verði því 1.000 ± 70 í lok skipulagstímabilsins.


3.2.2. SPÁ UM ÍBÚAFJÖLDASPÁ FYRIR HVOLSVÖLL

Til þess að meta íbúafjöldann á Hvolsvelli næstu áratugina eru tveir möguleikar skoðaðir. Annars vegar er gert ráð fyrir að íbúafjölgun fylgi spá Hagstofu Íslands fyrir landið allt, nefnd dæmi D, og yrðu íbúar árið 2015 þá um 770 og 810 árið 2023. Hins vegar er gert ráð fyrir að árleg fjölgun verði sú sama og á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. 1,2% og er hún nefnd dæmi E. Þannig yrði íbúar um 810 árið 2015 á Hvolsvelli og um 890 árið 2023.


Hlutfallsskipting
aldursflokka árið
2002



Áætluð
hlutfallsskipting
aldursflokka árið
2015



Áætluð
hlutfallsskipting
aldursflokka árið
2023



3.3. ALDURSDREIFING

Hagstofa Íslands hefur einnig framreiknað og áætlað aldursdreifingu landsmanna fram til ársins 2040. Hagstofan vinnur einungis áætlanir fyrir landið í heild en ekki einstök sveitarfélög. Aldursdreifing íbúa í Rangárþingi eystra fyrir árið 2002 er þekkt og með því að byggja á þeim breytingum sem Hagstofan reiknar með fyrir landið í heild má áætla aldursdreifingu íbúa fyrir skipulagstímabilið (árið 2015) og til ársins 2023.

Ef aldursdreifing landsins fyrir árið 2002, fengin frá Hagstofu Íslands, er borin saman við aldursdreifinguna í Rangárþingi eystra kemur í ljós að hlutfall yngra fólks er ívið hærra í sveitarfélaginu en á landinu öllu en hlutfall barna og fólks á starfsaldri hins vegar lægra. Hlutfall þeirra sem er á eftirlaunaaldri er hærra í sveitarfélaginu en á landsvísu. Bent er hér á að utanaðkomandi aðgerðir geta haft mikil áhrif á brott- og aðflutning íbúa. Óvissan í framreikningum er því þó nokkur.

Tilgáta um aldurhlutfall í Rangárþingi eystra 2015 og 2023 byggð á breytingum á landsvísu

	RANGÁRÞING EYSTRA			LANDIÐ		
	2002	2015	2023	2002	2015	2023
Börn; 0-5 ára	7.9%	7.3%	7.0%	9.0%	8.4%	8.1%
Grunnskóli; 6-15 ára	16.8%	14.8%	14.2%	15.5%	13.7%	13.2%
Framhaldsskóli; 16-20 ára	8.6%	8.0%	7.6%	7.4%	7.0%	6.6%
Sérnám, atv.líf; 21-25 ára	7.6%	7.3%	6.4%	7.6%	7.3%	6.5%
Atvinnulíf; 26-66 ára	47.6%	49.5%	48.7%	50.2%	52.1%	51.4%
Eftirlaunaaldur; 67+	11.6%	13.1%	16.1%	10.2%	11.6%	14.3%

Heimild: Hagstofa Íslands 2003

Á næstu tveim áratugum verða veigamiklar breytingar á aldurssamsetningu þjóðarinnar. Hlutfall barna og ungmenna af heildarmannfjölda lækkar, hlutfall fólks á starfsaldri breytist lítið en hlutfall fólks á eftirlaunaaldri hækkar umtalsvert enda hafa lífslíkur fólks aukist og fæðingatiðni dregist saman. Ef lítið er örlítið lengra fram í tímann fer hlutfallstala fólks á starfsaldri einnig að lækka og hlutfallstala aldraðra hækkar ört. Þessar breytingar koma glögg í ljós í framreikningum mannfjölda í Rangárþingi eystra þótt að- og brottflutningsmynstur geti hugsanlega haft einhverv áhrif á tölurnar. Sveitarfélagið þarf eins og öll önnur sveitarfélög á landinu að hafa viðbúnað gagnvart þeim þar sem þjónusta við aldraða verður mun umfangsmeiri og hærra hlutfall af rekstrarkostnaði eftir örfáa áratugi en nú er.

FÓLKSFJÖLGUN					
TÍMABIL	Dreifbýli			Hvolsvöllur	
	DÆMI A	DÆMI B	DÆMI C	DÆMI D	DÆMI E
2002-2015	105	0	-34	75	116
2015-2023	60	0	-21	43	81

ÍBÚÐAÞÖRF					
TÍMABIL	Dreifbýli			Hvolsvöllur	
	DÆMI A	DÆMI B	DÆMI C	DÆMI D	DÆMI E
2002-2015	51	13	1	36	51
2015-2023	31	9	1	23	37

Hins vegar mun þörf fyrir nýtt skólahúsnaði ekki verða eins mikil og mannfjöldatölur gætu bent til og ef miðað yrði við núverandi aldursskiptingu. Í framreikningi þar sem fólksfjölgun í sveitarfélaginu miðast við landsmeðaltal vegur lækkandi hlutfall skólubarna á móti fjölgun íbúa þannig að tala barna og ungmenna á skólaaldri verður nánast sú sama eftir 20 ár og í dag. Til samanburðar myndi fólki á eftirlaunaaldri fjölga um 70 í dreifbýlinu og 50 í þéttbýlinu eða um rúmlega 62%.

3.4. ÍBÚÐARHÚSNÆÐI, ÍBÚÐARBYGGÐ

Í samhengi við breytta aldurssamsetningu og breytingar á lífsháttum hefur meðalfjölskyldan minnkað jafnt og þétt. Barnlausum fjölskyldum fjölga svo og einstæðum foreldrum og fleiri einstaklingar halda heimili. Einnig eru barnafjölskyldur fámennari en áður var.

Á landinu öllu voru árið 2001 2,68 íbúar að meðaltali á hverja íbúð. Hjá Fasteignamati ríkisins voru skráðar 567 íbúðir árið 2002 í Rangárþingi eystra og voru því um 2,9 íbúar á íbúð í sveitarfélaginu.⁷

Spá um það hvernig þessi tala breytist næstu áratugi hefur ekki verið gerð fyrir landið í heild. Á höfuðborgarsvæðinu er því spáð að hún fari úr 2,6 íbúum á íbúð í 2,4 íbúa á íbúð á 23 árum. Ef reiknað er með svipaðri þróun í Rangárþingi eystra, það er að árleg fækkun íbúa á íbúð yrði í kringum 0,009, yrðu um 2,8 íbúar á íbúð að meðaltali árið 2015 og 2,7 íbúar á íbúð árið 2023.

Þær spár sem gerðar voru til að segja fyrir um fólksfjölgunina gefa því mismunandi tölur fyrir íbúðaþörf. Í sveitinni má reikna með að breyting á fólksfjölda geti verið allt frá +105 (dæmi A; mannfjöldaspá Hagstofunnar) niður -34 íbúa (dæmi C; 0,3% árleg fólksfækkun). Í bænum, þ.e. á Hvolsvelli, gera bæði dæmin ráð fyrir fólksfjölgun, allt frá 75 íbúum (dæmi D; mannfjöldaspá Hagstofunnar) upp í 116 íbúa (dæmi E; 1,2% árleg fólksfjölgun) á skipulagstímabilinu.

Í sveitinni gæti því orðið þörf fyrir 0-50 nýjar íbúðir en á Hvolsvelli má reikna með að þörf verði fyrir 36-51 íbúð á skipulagstímabilinu. Ekki hefur verið spáð í það hvort meiri ásókn verði í fasta búsetu til sveita án tengsla við landbúnað en nú er. Slík

⁷ Fasteignamat ríkisins og Hagstofa Íslands

LANDSSVÆÐI FYRIR NÝJA BYGGÐ (HEKTARAR) Á HVOLSVELLI		
Tímabil: 2002-2015	DÆMI D	DÆMI E
Einbýlishúsabyggð (10 íb/hektara)	4	5
Þétt úthverfi (15-18 íb/hektara)	2	4
Borgarbyggð (23 íb/hektara)	2	2
Tímabil: 2015-2023		
Einbýlishúsabyggð (10 íb/hektara)	2	4
Þétt úthverfi (15-18 íb/hektara)	1-2	1-2
Borgarbyggð (23 íb/hektara)	1	2

byggð er í eðli sínu ólík íbúðarbyggð í þéttbýli, erfiðara að skipuleggja hana fyrirfram og auðveldara að mæta landþörf vegna hennar.

Landrýmisþörf fyrir nýjar íbúðir fer eftir þéttleika byggðarinnar. Í þéttbýli má gjarnan bera saman ólíkan þéttleika byggðar, þ.e. 10 íbúðir á hvern hektara lands (íb/ha) (dæmigerð einbýlishúsabyggð), 15-18 íb/ha (raðhúsabyggð og nýrri úthverfi Reykjavíkur) og 23 íb/ha (dæmi: Efra Breiðholt allt). Eldri bæir og bæjarhlutar eru margir hverjir mun þéttbýlli (30-60 íb/ha). Hærrí þéttleikatölurnar eru birtar hér sem dæmi til fróðleiks en verða ekki notaðar sem viðmiðun í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Miðað verður við þéttleikann 10 íb/ha sem lágmarksþéttleika nýrrar byggðar.

Ekki verður reiknað með samfelldu byggingarsvæði vegna hugsanlegrar nýrrar byggðar til sveita og því óþarfi að áætla landrýmisþörf hennar vegna. Á Hvolsvelli verður hins vegar þörf fyrir um 4-5 hektara undir nýja íbúðarbyggð miðað við þéttleikann 10 íb/ha. Hluti nýrrar byggðar verður að öllum líkindum á miðbæjarsvæði þar sem þéttleiki verður mun meiri.

3.5. FRÍSTUNDABYGGÐ

Uppbygging frístundahúsa í hóflegri fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu hefur verið mikil á síðustu árum og áratugum og er Rangárþing eystra þar engin undantekning. Mest er ásókn í land undir slíka byggð í Fljótshlíð en þar hefur á skömmum tíma risið þó nokkur byggð. Ásókn í frístundabyggð undir Eyjafjöllum hefur einnig verið nokkur, þá aðallega við Seljavelli og Skóga. Minnst hefur verið byggt í Landeyjum en þar hefur þó verið skipulagt eitt svæði fyrir frístundabyggð við Kanastaði.

Í dag eru frístundahús í flestum tilvikum vandaðar byggingar sem notaðar eru allt árið.

Núverandi frístundabyggð er sýnd á skýringarupprætti með bleikum lit, bókstafnum F og númeri. Heiti byggðanna eru tilgreind í töflu. Aðeins eru sýnd svæði sem skipulögð eru fyrir fjögur hús eða fleiri.



Núverandi og fyrirhuguð frístundabyggð í Rangárfingi eystra 2003.



Langanes við Eystri Rangá, Hekla fjær Ljós.: Teiknistofa arkitekta

Nr	Heiti	Staðsetning	Fj. lóða	Stærð ha	Staða
	Ásgarður	Nágrenni Hvolsvallar	ca 9	4	Fullbyggt
F1	Langanes	Nágrenni Hvolsvallar	50	84	Fullbyggt
F2	Miðhús	Nágrenni Hvolsvallar	8	4	Í byggingu
F3	Kotvellir	Nágrenni Hvolsvallar	16	82	Fullbyggt
F4	Núpur	Fljótshlíð	15	12	Óbyggt
F5	Lambalækur	Fljótshlíð	8		
F6	Kirkjulækjarkot	Fljótshlíð	7		
F7	Staðarbakki*	Fljótshlíð	11	36	
F8	Kirkjulækjarkot (Réttarfit)	Fljótshlíð	16		
F9	Hellishólar	Fljótshlíð	10	34	
F10	Smáratún	Fljótshlíð	8		Fullbyggt
F11	Smáratún	Fljótshlíð	7		Fullbyggt
F12	Butra	Fljótshlíð	6		Fullbyggt
F13	Hallskot	Fljótshlíð	32		Fullbyggt
F14	Múlakot	Fljótshlíð	109	114	Óbyggt
F15	Háimúli	Fljótshlíð	4		
F16	Kanastaðir	Landeyjar	15	14	Í byggingu
F17	Grenstangi	Landeyjar	9	4	Óbyggt
F18	Ytra Seljaland*	Undir Eyjafjöllum	5	10	
	Ytra Seljaland, við	Undir Eyjafjöllum	4-6	11	
F19	Heimaland*				
F20	Ytra Seljaland*	Undir Eyjafjöllum	ca 11	ca 22	
F21	Nátthagi	Undir Eyjafjöllum	20	16	Í byggingu
F22	Ásólfskáli	Undir Eyjafjöllum	4		
F23	Þorvaldseyri*	Undir Eyjafjöllum	19	11	
F24	Raufarfell*	Undir Eyjafjöllum	28	30	
F25	Eystri Skógar*	Undir Eyjafjöllum	40	38	
Samtals			ca 470		

* Áform um frístundabyggð, deiliskipulag liggur ekki fyrir

3.6. MENNINGARMINJAR OG HÚSVERNÐ

Í IV kafla þjóðminjalaga nr. 107/2001 er kveðið á um fornleifar en til þeirra teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á.



Ljósm.: Landmotur.

Samkvæmt þjóðminjalögum njóta allar fornleifar 100 ára og eldri friðhelgi, óháð sérstakri friðlýsingu. Með öllu er óleyfilegt að haggja við þeim á nokkurn hátt án sérstaks leyfis.

Samkvæmt þjóðminjalögum skal fara fram fornleifaskráning áður en aðalskipulag er staðfest en í því felst að teknar eru saman ritaðar jafnt sem munnlegar heimildir um fornleifar og allir minjastaðir kannaðir á vettvangi, hvort sem fornleifar eru sýnilegar á yfirborði eða ekki. Um undanþágur frá þessu ákvæði ber að leita til Fornleifaverndar ríkisins sem er úrskurðaraðili um hvort undanþágur frá ákvæðinu séu veittar og þá með hvaða skilyrðum.

Ef framkvæmdir eru fyrirhugaðar á svæðum þar sem þekktar fornleifar eru (hvort sem þær sjást á yfirborði eða ekki) þarf að sækja um leyfi til Fornleifaverndar ríkisins sem ákveður hvort og hvenær framkvæmdir megi hefjast. Það eru því hagsmunir framkvæmdaraðila að hægt sé að fletta upp í ábyggilegum skráum um staðsetningu fornleifa áður en framkvæmdir hefjast svo komist verði hjá óþarfa kostnaði og töfum.

Árið 1999 vann Fornleifastofnun Íslands heimildakönnun fyrir alla Rangárvallasýslu. Við svæðisskráningu fundust heimildir um yfir 5.000 fornleifar í Rangárþingi eystra.

Aðalskráning í Rangárþingi eystra er mikið verk og ljóst er að það verður aðeins unnið á löngu tímabili með nokkrum tilkostnaði. Frá upphafi þótti sýnt að ekki næðist að gera slíka skráningu áður en gengið yrði frá aðalskipulagi að þessu sinni.

Óskað var eftir að Fornleifastofnun Íslands myndi annars vegar sjá um kortagerð á vel völdum fornleifastöðum, og hins vegar sjá um aðalskráningu fornleifa í þéttbýliskjarna sveitarfélagsins, Hvolsvelli. Kort og nánari umfjöllun er að finna í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands, Svæðisskráðar fornleifar í Rangárþingi eystra: Kortlagning á völdum minjum í tengslum við nýtt aðalskipulag (FS231-04011) og Fornleifaskráning á Hvolsvelli og í nágrenni (FS232-04012). Hér á eftir fylgir úrdráttur úr skýrslunum ásamt því að helstu kort eru birt í kafla 8.

3.6.1. SVÆÐISSKRÁNING FORNLEIFA Í RANGÁRÞINGI EYSTRÁ

Frá upphafi var ljóst að nákvæmni kortlagningar yrði takmörkuð þar sem fæstir minjastaðanna á svæðinu hafa verið skráðir á vettvangi og því talsverð óvissa um sumar staðsetningar. Meginmarkmið kortlagningarinnar var hins vegar að sýna dreifingu minjastaða, hvar hún væri líklegust til að vera þéttust og velja auk þess úr nokkra sérlega áhugaverða minjastaði sem gætu hentað til kynningar.

Í Rangárþingi eystra eru svæðisskráðir yfir 5.000 minjastaðir. Enn eru innan við 2% þessara minjastaða skráð í aðalskrá fornleifa. Við lok þessa verkefnis hafa um 450 minjastaðir verið skráðir í svæðisskrá fornleifa í sveitarfélaginu og verið merktir inn á kort en það er innan við 10% allra minjastaða á svæðinu.

Inn á kort voru færðir:

- 267 bæir
- 47 kirkjur (þar af 16 kirkjur, 19 bænhús og 12 útkirkjur)
- 8 kuml
- 24 friðlýstir minjastaðir
- 28 staðir þar sem fornleifauppgröftur hefur verið gerður
- 100 aðalskráðir minjastaðir úr Ísleifu⁸
- 19 valdir staðir af hálendinu
- 20 merkir minjastaðir valdir áhugaverðir til kynningar

Þær minjar sem hér hefur verið fjallað um eru aðeins sýnishorn úr stóru safni fjölbreytilegra menningarminja í Rangárþingi eystra og er ljóst að miklir möguleikar eru á að nýta fornleifar á svæðinu til að auka og efla ferðaþjónustu.

Rétt er þó að hafa í huga að enn er lítið sem ekkert vitað um ástand minjastaða eða þá hættu sem kann að steðja að þeim en slíkt er einungis hægt að meta með aðalskráningu fornleifa. Samhliða aukinni nýtingu á minjastöðum í kynningu á svæðinu og ferðaþjónustu er nauðsynlegt að gera áætlun um aðalskráningu fornleifa í sveitarfélaginu á næstu árum eða áratugum.

Eins og getið er að ofan voru fjölbreytilegar minjar kortlagðar. Hér fylgir stutt umfjöllun um alla minjaflokkana.

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur þriggja stafa númer (dæmi RA-010). Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í grunninum heldur er

⁸ Gagnagrunnur Fornleifastofnunar Íslands

miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Allir þeir bæir í Rangárþingi eystra sem skráðir eru í Jarðatal Johnsen voru merktir inn á kort.

Kirkjur og bænhús

Inn á kortið voru merktar kirkjur, hálfkirkjur/útkirkjur og bænhús sem þekkt eru úr heimildum. Upplýsingum um þær var safnað saman við svæðisskráningu og eru þær fengnar víða að, þó aðallega úr Íslensku fornbréfasafni og Jarðabók Árna Pálssonar og Páls Vídalíns. Algengast var að kirkjur og bænhús væru í námunda við bæi og voru þau staðsett á kort við þá bæi sem þau tilheyrdi.

Kuml

Öll þekkt kuml í Rangárþingi eystra voru kortlögð. Upplýsingar um kumlin voru fengnar úr Ísleifu en einnig úr bókinni Kuml og haugfé (Kristján Eldjárn 1956; 2000) og úr yfirstandandi rannsókn Adolf Friðrikssonar á staðfræði íslenskra kumla. Kumlin voru færð inn á kort með aðstoð áðurgreindra heimilda og tölvugrunna.

Friðlýstar minjar (fram til 1990)

Upplýsingar um friðlýstar minjar eru upprunalega fengnar úr fornleifaskrá, þar sem yfirlit var birt um alla friðlýsta minjastaði fram til 1990. Staðirnir eru merktir við bæjarstaði þeirra jarða sem þeir tilheyra nema nákvæm staðsetning þeirra sé þekkt.

Fornleifarannsóknir (1880 – 2003)

Inn á kortið voru færðir allir fornleifauppgreftir sem gerðir hafa verið í Rangárþingi eystra frá 1880. Upplýsingar um þessa staði komu m.a. úr skrá 1.000 merkra fornleifa sem Fornleifastofnun tók saman og er samsett úr friðlýstum fornleifum og völdum minjastöðum.

Minjastaðir á miðhálandinu

Merktir voru inn valdir minjastaðir á hálandinu. Flestir þeirra eru bæir og sel sem fóru í eyði áður en Jarðatal Johnsens var tekið saman og hafa því ekki sérstakt bæjarnúmer í því.

Aðalskrá minjastaða

Þeir minjastaðir sem Fornleifastofnun hefur skráð á vettvangi (aðalskráning) voru færðir inn á kort. Upplýsingar um þá voru fengnar úr Ísleifu og minjastaðir staðsettir með GPS tækjum.

Búsetulandslag, þéttleiki minja

Meginreglan um dreifingu minjastaða á Íslandi er sú að flestir minjastaðir eru í og við heimatún en þeim fækkar hlutfallslega eftir því sem fjær dregur bæ. Til að koma í veg fyrir að minjum verði spillt eða leggja þurfi út í mikinn kostnað við að bjarga fornleifum frá skemmdum við framkvæmdir (s.s. byggingu sumarbústaða og skógrækt) er góð regla að forðast framkvæmdir í og við heimatún bæja. Þótt ekki sjáist merki margra fornleifa á yfirborði í og við heimatún er ekki ólíklegt að mannvistarleifar séu þar neðan svarðar.

Minjastaðir og ferðapjónusta

Fornleifar eru vannýtt auðlind í ferðapjónustu en á undanförunum árum hefur skilningur manna á möguleikum þess að nýta minjar í tengslum við kynningu á svæðum og sögu þeirra aukist. Í þeim anda óskaði sveitarfélagið Rangárþing eystra eftir því að sérfræðingar Fornleifastofnunar færu á kerfisbundinn hátt í gegnum svæðisskráningu í sveitarfélaginu og veldu 20 minjastaði sem gætu hentað til kynningar, jafnt fyrir ferðamenn sem heimamenn, og merktu þá inn á kort.

Hugmyndir manna um hvað teljast merkar fornleifar hafa breyst mikið á undanförunum áratugum. Byggingar sem voru hversdaglegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Ekki er til viðurkennd aðferð til að meta gildi minjastaða. Slíkt mat felur yfirleitt í sér meðvitaðan/ómeðvitaðan samanburð við aðra minjastaði. Því er mjög erfitt að leggja mat á gildi minjastaða í hverju sveitarfélagi fyrir en vettvangsskráningu þar er lokið. Á landsvísu mætti nota svipuð rök, þ.e. að full yfirsýn um íslenskar fornleifar sé nauðsynleg áður en hægt sé að fullyrða um gildi minjastaða á landsvísu.

Minjastaðirnir 20 sem valdir voru sem álitlegir til kynningar í Rangárþingi eystra eru innan við 0,5% allra þekkta minjastaða á svæðinu. Fjölda annarra spennandi minjastaða er að finna á svæðinu og aðalskráning mun að líkindum leiða í ljós fjölda nýrra staða sem gætu hentað til kynningar.

Við val á stöðunum var leitað eftir því hvort minjastaðurinn teldist gott dæmi um búsetu, búskaparlág eða aðra atvinnuhætti, þjóðhætti, sögulega þróun eða breytingar eða tengdist þjóðtrú, sögnum eða atburðum. Þetta samhengi er nauðsynlegt að skilgreina í hverju tilviki.

Tillaga að skrá um 20 minjastaða sem vænlegir eru til kynningar í Rangárþingi eystra er eftirfarandi:

010:001: Lambafell – bæjarstæði:

Byggð við suðvesturhorn Lambafells á fremur skjólsælum stað sem var flutt um 1912 um 350 m austur með Lambafelli sökum ágangs Svarðbælisár. Traðarkjafinn gamla og hluta af túngarði hefur til skamms tíma mátt sjá vestan við fjarveg árinna.

020:003: Miðbæli – bæjarstæði

Rústir bæjarins Miðbælis, sem byggður var um 1600, eru nú í suðurjaðri Miðbælislands, fram við fjöruna. Þar sjást glögg rústir Miðbælikirkju, sem lögð var niður 1765, og rúst kirkjugarðs sunnan við Miðbælisfjöru.

030:003: Gágasteinar – aftökustaður

Þrjár stórir steinar sem hafa fallið úr berginu. Sagt er að þar hafi verið hengdir sakamenn.

032:024: Njóladalsrétt – rétt og þingstaður

Réttin er grafinn inn í hlið, uppgróinn árinna að vestan, gjallshliðin grasi gróin og skriðuhlaup að austan. Talið að hafi verið þingstaður Eyfellinga.

032:029: Arnarhóll – Holtsós – verslunarstaður

Erfiður útræðistaður sökum brims og hliðaleysis. Holtsós var fyrir á öldum höfn og voru þar verslunarbúðir. Þær munu hafa verið vestan við Arnarhól, sem er klettur við norðanverðan ósinn. Lítil ummerki sjást þar.

035:001: Hellnahóll – bæjarstæði

Fram undan Holtsnúpi er eyðibýlið Hellnahóll sem dregur nafn af hellum sem voru í hólum til skamms tíma. Rústasvæðið er allhár um 4m hár hryggur.

053:001: Sauðhúsvöllur – bæjarstæði

Áður stóð bærin ofar og austar í túninu, en árið 1938 flutti þáverandi ábúandi hann 130 m til vesturs og byggði þar íbúðarhús. Þar stendur nú röð af húsum, þrjú vestanmegin, tvö austanmegin og eru þau öll heil. Húsið í miðju hefur verið endurbyggt.

062:027: Paradísarhellir

Sérkennileg náttúrusmíð. Einskonar æðar eða hrukkur eru um hvelfinguna að ofan.

083:019: áveitukerfi

Leifar áveitukerfis við Stóru Mörk, veggir og skurðir.

615:005: Húsadalur, Þórsmörk – bæjarstæði

Merki um fõma og mikla byggð. Birkiskógur er nú kominn yfir hluta rústanna og túnstæðið en greina má um fjórar rústir.

615:007: Snorraríki, Þórsmörk

Innst í sunnanverðum Húsadal er klettur, og í honum dálítill skúti. Talið er að þar hafi sakamaður, sem Snorri hét, haßt við um skeið.

615:008: Sóttarhellir, Þórsmörk

Sóttarhellir er utarlega í Þórsmökkurrana að vestan. Manngerður hellir. Gæti hafa verið fjárhellir en hann kann að hafa verið gerður af fjárleitarmönnum. Sóttarhellir er eini hellirinn í Þórsmörk sem hægt er að gera að sæmilegri vistarveru.

109:001-012: Miðeyjarhólmi – bæjarstæði

Bæjarstæði, tófir, hlaðinn garður og torfhús sem líklega var kartöflugeymsla.

118:015: Bakki, brennutótt – bæjarstæði

Bæjarstæði þar sem byggð hélst í mjög skamman tíma sökum mikils sands.

127:019 eða 020: Snorrasel eða Arnþórssel

Viggusel og Snorrasel/Arnþórssel. Heimildir um sel

143:027: Lögréttubalar – þingstaður

Minjar um gamalt þinghald, 3-4 lágar hæðir eða þúfur í túninu, skildar að með smábilum, 12-16 álna langar og nokkurra álna háar og kallast lögréttubalar eða lögréttugarðar.

179:041: mylla

Mylluhús var uppistandandi í Eyvindarmúla fram um 1930.

248:024: fornar tóftir í túni á Velli, m.a. ein sem heitir Goðhof

Vestur í túninu, suðvestur af bænum er forn tóft, hringur, 12/16m.

185:008: sel frá Hlíðarenda

Fyrrum selstaður sunnan Þverár.

255:031: garðlög

Gömul garðbrot sem voru mikil mannvirki. Eitt þeirra liggur upp allar Brúnir, en það eru brúnirnar fyrir ofan undirlendið með Rangá kallaðar. Eitt garðbrotið liggur yfir þvera Íraheidi, og enn eitt í mörgum krókum á svæðinu milli Vallar og Efra-Hvols.

Síðustu sjö liðir eru með fyrirvara um að rústirnar hafa ekki verið skoðaðar. Nánari upplýsingar um minjastaðina er að finna í skýrslu Fornleifastofnunar Íslands, Svæðisskráðar fornleifar í Rangárþingi eystra, 2004.

3.6.2. AÐALSKRÁNING FORNLEIFA Á HVOLSVELLI

Heimildum um menningarminjar í Hvolhreppi var safnað árið 2000 þegar Fornleifastofnun Íslands vann svæðisskráningu fornleifa í Rangárvallarsýslu. Í tengslum við aðalskipulagsvinnunna vann stofnunin aðalskráningu fornleifa á Hvolsvelli.⁹

Kauptúnið Hvolsvöllur er byggt úr landi Stórolfshvols og því var ákveðið að skrá allar fornleifar á Stórolfshvoli og hjáleigum hennar (Kornhúsum, Götu, Stóragerði, Litlagerði, Króktúni og Magravelli) og þeim hlutum jarðanna Miðkrika, Eystri- og Vestri Garðsauka og Garðsaukahjáleigu sem lenda innan aðalskipulagssvæðis Hvolsvallar, alls 105 minjastaði.

Í skránni er gefið yfirlit yfir allar þekktar fornleifar á hverri jörð. Upplýsingar um hvern stað eru settar fram á staðlaðan hátt og kemur þar m.a. fram yfirlit yfir allar þekktar fornleifar á hverri jörð, tegund fornleifa, hlutverk þeirra, lýsing á minjastað og aðstæðum og að lokum er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá, teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað eða munu eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem yfirgnæfandi líkur teljast á að stöðum verði raskað vegna áætlað/eða fyrirsjáanlegs umróts. Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni.

Minjar á skráningarsvæðinu

Það svæði sem skráð var, þ.e. Hvolsvöllur og nágrenni, einkennist af flatlendi sem vel er fallið til ræktunar. Stór hluti skráningarsvæðisins hefur því verið ræstur fram eða sléttður undir tún. Við Eystri-Rangá eru dalir, nes og eyrar, og frá Brúnum eru þýfðir vallendis- og lyngmóar. Allt svæðið frá Brúnum að Stórolfshvoli er mjög flatlent og þar eru víða djúpar grófir sem skera landið, kallaðar öldur.

⁹ Fornleifastofnun Íslands (FS232-04012). 2004

Landslag á skráningarsvæðinu hefur breyst mikið á undanförunum áratugum. Túnasléttun, framræsla og tíð ábúendaskipti valda því að heimildir um minjar eru fátæklegar og örnefni oft týnd.

Allir minjastaðirnir 105 teljast samkvæmt lögbundinni skilgreiningu, fornleifar og eru því friðhelgir. Við hættumat töldust 30 þeirra í stórhættu, 64 í hættu en aðeins 11 í engri hættu. Langflestir staðanna (eða 41) teljast í hættu vegna ábúðar. Þá eru einnig margir staðir (28) í hættu vegna ágangs hesta og á það sérstaklega við um land Götu, Vestri Garðsauka og Garðsaukahjáleigu. Framkvæmdir ógna 17 minjastöðu, trjárækt 3 en vatnsrof 1. Vegir eru hættulega nærri 4 minjastöðum. Engin ögn steðjar að 11 minjastöðum.

Af minjastöðunum 105 reyndust 66 innan marka aðalskipulags Hvolsvallar. Af þeim eru:

- 22 staðir á skipulagssvæði þar sem líklegt er að miklar framkvæmdir verði á næstu árum. Þetta eru svæði þar sem fyrirhuguð eru íbúða-, þjónustu-, -iðnaðar- eða hesthúsahverfi og „opin svæði til sérstakra nota“. Fornleifar innan þessara svæða teljast í mikilli hættu. Aðeins sjást mannvirkjaleifar á yfirborði fimm staðanna. Af þeim fornleifum sem eru á framkvæmdasvæðum í nánustu framtíð eru fimm minjastaðir á framkvæmdasvæðum. Á sýslumannstúninu eru 2 minjastaðir (RA-255:049 (mannvirkjaleifar sjást) og RA:255-048) og 3 á Hvolstúni, 2. áfanga (RA-255:008, RA-255:050 og RA-259:001).
- 44 staðir eru innan skipulagssvæðisins þar sem litlar líkur eru á miklum framkvæmdum á næstu árum, s.s. landbúnaðarsvæði og „óbyggð svæði“. Fornleifar innan þessara svæða teljast oft í hættu vegna þess umróts sem gjarnan fylgir hefðbundnum landbúnaði en eru ekki skilgreindar í sérstakri hættu út af skipulagi. Af þessum 44 stöðum eru 19 innan við 100 m frá svæðum sem ætluð eru undir íbúða-, þjónustu-, iðnaðar-, eða hesthúsahverfi og teljast í hættu vegna nálægðar við þessi svæði.
- Utan við minjastaðina 19 sem eru innan 100 m frá framkvæmdasvæðum eru 25 minjastaðir á svæðum sem merkt eru fyrir landbúnað eða sem óbyggð svæði. Flest þessara minjastaða eru í Vestri-Garðsauka, Garðsaukahjáleigu og Miðkrika, alls 18 staðir.

- Auk fornleifanna innan aðalskipulags eru skráðar 39 fornleifar í landi Stórolfshvols og hjáleigna. Umrætt svæði nær allt frá Djúpadal við Eystri-Rangá í norðri, að Götu í suðri. Dreifing fornleifa er, eins og við má búast, þéttust túni við bæina en dreifðari eftir því sem fjær dregur frá bæ. Margvíslegt mynstur má sjá þegar dreifing einstakra tegunda fornleifa er skoðuð. Bændur á stórbýlinu Stórolfshvoli virðast t.d. helst hafa staðsett hjáleigur annarsvegar í túnjaðri og hinsvegar við landamerki.

Þeir minjastaðir sem eru best varðveittir á skráningarsvæðinu eru nyrst á því, í Djúpadal, Borgardal, Dýjanesi og á Brúnum. Minjar þar hafa að mestu sloppið við rask af mannavöldum. Athyglisverðir minjastaðir á þessu svæði eru:

- Mikið garðlag og fornlegt (RA-255:040) sem liggur um 2,5 km leið á Brúnum. Frá því liggur a.m.k. einn þvergarður (RA-255:054), niður að Eystri-Rangá. Einnig liggur garðlag (RA-255:030) í hlíðarrótum, neðan Brúna. Garðlög á skráningarsvæðinu hafa vakið athygli manna í gegnum tíðina.
- Fjánhellir (RA-255:019) var klappaður í móbergshól sunnan við Djúpadal (RA-255:030) snemma á 19.öld en nú er hrúnið fyrir op hans.
- Meint eldra bæjarstæði Djúpadals (RA-255:012) er á fallegum stað á Rangárbökkum í Djúpadal. Þá er stór hringlaga tóft af fjárborg (RA-255:021) í Borgardal og á Brúnir raða sér tóftaþyrpingar. Þær sjást vel þegar nýlegur malarvegur að veiðihúsunum við Eystri-Rangá er ekinn. Þar tekur hver tóftaþyrpingin á fætur annarri við. Allar eru þær keimlíkar, 1-2 stórar hólfaskiptar tóftir, ferkantaðar og 2-3 einfaldar hringlaga tóftir. Að öllum líkindum eru þetta beitarhúsatóftir og heystæði.
- Á bökkum Miðöldu er tóftaþyrping (RA-255:025), í sama stíl og að ofan er lýst, og vitað er að þar voru beitarhús frá Þinghóli (RA-255:011).
- Gamla Hvolsrétt (RA-255:034) er norðvestan undir Hvolfjalli og þar norðan er Kaldibrunnur (RA-255:024). Þangað var náð í vatn þegar Skrápur (RA-255:014) þvarr. Það er óhætt að segja að það hafi verið spotti að ganga eftir vatni t.d. frá Stórolfshvolsbæ (RA-255:001) en á milli staðanna er 1,7 km (í beinni loftlínu).
- Við Þinghól (RA-255:011) eru merkilegar minjar. Gálagaklettur (RA-255:013), strandklettur með geil sín á milli, setja mikinn svip á bæjarstæðið

og þar austan við er lind sem sprettur fram í hellisskúta, Skrápur (RA-255:014). Þinghóllinn (RA-255:010) sjálfur er týndur en Kornhúsahóll (RA-256:022), sem þjóðfræðin segja Stórolf liggja, rís ávalur austur af kirkjugarði Stórolfshvolskirkju).

- Á Ormsvelli eru leifar áveitukerfa (Ra-255:016), líklega þeirra sömu og t.d. er fjallað um í frásögum um fornaldarleifar frá 1818. Þar syðst á vellinum eru einnig tóftir Ormsvallar (RA-255:044), hjáleigu frá Stórolfshvoli sem var stofnuð 1828.

Af ofangreindri umfjöllun er ljóst að á Hvolsvelli og í næsta nágrenni er þekktur fjöldi fornleifa. Enn má greina leifar sumra fornleifanna, en fleiri eru þó horfnar af yfirborði. Á næstu árum eru áætlaðar töluverðar framkvæmdir í og við Hvolsvöll og er líklegt að sumar þessara framkvæmda geti ógnað minjum á svæðinu. Minjar sem sjást á yfirborði og eru í námunda við framkvæmdir (s.s. tóftir Stóragerðis – Ra-258:001 og fjóstóft – RA-255:009) er rétt að girða af og merkja á áberandi hátt til að koma í veg fyrir skemmdir af völdum vinnuvéla og lóðaframkvæmda. Fastlega má búast við því að við umrót verði víða komið niður á fornleifar, t.d. á bæjarstæði Stórolfshvols, í Hvolstúni og túninu vestan Króktúns og á bökkum Öldunnar. Hjáleigum frá Stórolfshvoli var raðað á austurbakka Öldunnar og þó ekki sjáist ummerki um þær allar á yfirborði eru líkur á að leifar margra þeirra séu undir sverði.

Rétt er því að minna á að áður en framkvæmdir hefjast á svæðunum þar sem þekktar eru fornleifar (hvort sem þær sjást á yfirborði eða ekki) þarf að sækja um leyfi til Fornleifaverndar ríkisins.

3.6.3. FRIÐLÝSING FORNLEIFA

Í Rangárþingi eystra eru eftirfarandi staðir friðlýstir samkvæmt þjóðminjalögum:

- Þ1. **Efri-Hvoll.** 1. Hellar þrír manngjörvir í útnorðurbakka Hvolslækjar, austur frá bænum. Sbr. Árb. 1905: 55. 2. Sáðreitir, fornir í hárrí brekku, suðaustan í Íraheiði, niður með Þórunúpslæk (mun eiga að vera Þórunúpsgil) að vestan. Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929. Þinglýst 21.12.1929. RA-253:013
- Þ2. **Þórunúpur.** Hellar tveir saman, manngjörvir, í brekku norðan við Þórunúpslæk, all-langt austur frá bænum. Sbr. Árb. 1905: 54. Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929. Þinglýst 21.12.1929. RA-246:012

- Þ3. **Vatnsdalur.** Hellir manngjörður, inn-undir Fiská. Sbr. Árb. 1905: 53-54. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927. RA-213:014
- Þ4. **Kirkjulækur.** Rústir undir Þríhyrningi suðaustanmegin; eru þar seljatóftir ofan á fornum bæjartóftum. Sbr. Árb. 1902: 3. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927. RA-202:017
- Þ5. **Grjótá.** Þráinsgerði, umgirtur ferhyrndur reitur, uppi við túngarðinn. Sbr. Árb. 1888-1892: 42. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927. RA-200:016
- Þ6. **Árkvörn.** „Hólmfríðarkapella“, hússtæðið sjálft og klöppin sem það stendur á, í hlíðinni milli Eyvindarmúla og Árkvarnar. Sbr. Árb. 1982: 107-109. Skjal undirritað af ÞM 10.10.1985. Þinglýst 04.11.1985. RA-181:010
- Þ7. **Bólstaðarústaleifar.** Þær eru suður frá Einhyrningi, við læk þann er fellur ofan hjá Hrútholti (Hrútakollur mun vera réttara), sunnanmegin. Sbr. Árb. 1886: 57-58. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927. RA-643:001
- Þ8. **Þuríðarstaðir.** Leifar forna eyðibýlisins Þuríðarstaða á Þórsmörk. Sbr. Árb. 1907: 20. RA-615:003
- Þ9. **Afréttarland.** Leifar forna eyðibýlisins Steinfinnsstaða og fornra dysja skamt suður frá þeim. Fornleifar þessar eru á svo-nefndri Kápu á Almanningum, norðan við Þröngá. Sbr. Árb. 1907: 17; Árb. 1925-1926: 49-51. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927. RA-616:001
- Þ10. **Ey I-II.** Fornar tóftir og garðlög vestan við Fljótsbotna. Sbr. Árb. 1927: 6-9. Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929. Þinglýst 21.12.1929. (Friðuninni er lýst sem kvöð á Eyjar (Ey I-III) enda eru minjarnar í óskiptu landi jarðanna eða í s.k. Sandgirðingu. Ey III heitir nú Eyland.)
- Þ11. **Bergþórshvoll.** 1. Bæjarstæðið gamla með jarðfólgnum leifum frá Njálshöfnum. Sbr. Árb. 1888-1892: 43-45, 64-66. 2. Gamlar ekrur, er nefnast Línakrar, 6 saman og 2 gróðrarreitir að auki. eru nálægt Fíflholtslandamærum og skamt frá Affallinu. Sbr. Árb. 1900: 4. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.

- Þ12. **Vorsabær.** 1. Leifar Gamla-Vorsabæjar ásamt rauðablástursminjum í nánd. Sbr. Árb. 1900: 2; Árb. 1926: 157-161. 2. Leifar tveggja gamalla sáðgarða, og þriggja kringlóttra smátófta í nánd, í Vorsabæjarvelli, nær honum miðjum. 3. Ennfremur gamlir vatnsveiturstokkar, margir og langir, sem liggja eftir uppgrónum lækjarfarvegi eftir endilöngum vellinum, ásamt mörgum fornum stíflum í farveginum. Sbr. Árb. 1900: 2-3. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.
- Þ13. **Voðmúlastaðir.** 1. Leifar Gamla-Vorsabæjar ásamt rauðablástursminjum í nánd. Sbr. Árb. 1900: 2; Árb. 1926: 157-161. 2. Leifar tveggja gamalla sáðgarða, og þriggja kringlóttra smátófta í nánd, í Vorsabæjarvelli, nær honum miðjum. Ennfremur gamlir vatnsveiturstokkar, margir og langir, sem liggja eftir endilöngum vellinum, ásamt mörgum fornum stíflum í farveginum. Sbr. Árb. 1900: 2-3. Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929. Þinglýst 21.12.1929.
- Þ14. **Leifsstaðir.** Rústir þær, sem nefnast Fornufjós; þær eru þrjár að tölu, skammt norðan Suðurlandsvegur, ein stór, önnur tvískipt, ein lítil. Skjal undirritað af KE 18.10.1966. Þinglýst 15.11.1966.
- Þ15. **Seljaland.** 1. Hoftóftarleifar í Hofstorfu, austur og upp frá bænum. Sbr. Árb. 1888-1892: 36-37. 2. Hellar þrír manngjörvir í hörðum þursabergskletti bakvið bæinn; af einum er fallið ræfrið. Sbr. Árb. 1902: 27-28. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.
- Þ16. **Fitjar.** Stór aflangur grasigróinn hóll í túninu, skammt vestur frá bæ, sunnan við Fitjarál. Þarna hefur bærinn staðið um aldir, en verið færður þaðan ekki seinna en á 17. öld. Skjal undirritað af KE 18.10.1966. Þinglýst 15.11.1966.
- Þ17. **Steinar.** Steinhellir, fast við þjóðveginn. Skjal undirritað af ÞM 25.02.1975. Þinglýst 04.03.1975.
- Þ18. **Hörðuskáli.** Bæjarhóllinn þar sem áður stóð bærinn Hörðuskáli, sem fór í eyði rétt eftir 1700. Skjal undirritað af KE 06.05.1966. Þinglýst 26.05.1966.
- Þ19. **Rauðafell II.** Hellar tveir, samhliða, í fjallshlíðinni austur frá bænum. Sbr. Árb. 1902: 27. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927. (Friðuninni er lýst sem kvöð á Raufarfell eystra, en minjarnar hafa verið í landi Rauðafells II frá um 1970.)



Krosskirkja

Ljósmynd: Vefsíða Rangárbíngs eystra



Akureyjarkirkja

Ljósmynd: Teiknistofa arkitekta

Þ20. **Hrútafell.** Hrútshellir. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.

3.6.4. HÚSAFRIDUN

Í II kafla laga um húsafriðun nr. 104/2001 er kveðið á um friðun húsa og annarra mannvirkja og skipulag húsafriðunar.

Ákvæðin eru í öllum meginatriðum samhljóða ákvæðum eldri þjóðminjalaga sem miðað hefur verið við við friðlyngu húsa á skipulagssvæðinu.

Í Rangárbíngi eystra falla eftirtalin hús undir ákvæði laga um húsfriðun. Nokkur hús hafa verið flutt eða endurreist að Skógum og eru þau talin upp sér:

Þ21. **Krosskirkja.** Timburhús reist 1850. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.

Þ22. **Akureyjarkirkja.** Timburhús reist 1912. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.

Þ23. **Breiðabólstaðarkirkja.** Timburhús reist 1911. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.

Þ24. **Hlíðarendakirkja.** Timburhús reist 1897. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.

Byggingar í Skógum

Þ25. **Svefnherbergi frá Árkvörn í Fljótshlíð.** Torfhús reist 1838. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.

Þ26. **Búr frá Seljalandi í Fljótshverfi.** Torfhús reist um 1840. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.

Þ27. **Skemma frá Varmahlíð undir Eyjafjöllum.** Torfhús reist um 1830. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.

Þ28. **Skemma frá Gröf í Skaftártungu.** Torfhús reist um 1840. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.

Þ29. **Baðstofa frá Arnarhóli í Landeyjum.** Torfhús reist 1895. Bygðasafn Rangæinga og V-Skaftfellinga á Skógum.

- Þ30. **Bæjarhús frá Skál á Síðu.** Torfhús, fjósbaðstofa og frambær. Endurreist á Skógum 1989.
- Þ31. **Fjós frá Húsum í Holtum.** Torfhús. Endurreist á Skógum 1974.
- Þ32. **Hlóðældhús frá Kvoslæk í Fljótshlíð.** Torfhús. Byggingarár og höfundur ókunn. Endurreist á Skógum 1972.
- Þ33. **Íbúðarhús frá Holti á Síðu.** Timburhús reist 1878. Endurreist á Skógum 1980.
- Þ34. **Rafstöð frá Breiðabólstað á Síðu.** Timburhús reist 1926. Flutt í heilu lagi að Skógum 1990.
- Þ35. **Stofa frá Norður-Götum í Mýrdal.** Torfhús reist 1896. Endurreist á Skógum 1976.

3.6.5. AÐRAR MINJAR

Í svæðisskipulagi Miðhálandisins eru þjóðminjar auðkenndar á skipulagsuppdrætti. Byggt er á skrá Fornleifastofnunar Íslands um menningarminjar á Miðhálandi Íslands. Í henni eru allir þeir staðir sem falla undir skilgreiningu þjóðminjalaga um fornleifar og heimildir eru til um. Skráin byggir ekki á vettvangsathugunum og er því ekki tæmandi. Valdir eru þeir staðir þar sem vitað er um umtalsverðar mannvirkjaleifar, þar með taldar allar minjar um mannabyggð og útilegumannabústaði, auk helstu miðstöðva gangnamanna og merkustu fjallvega. Nær öllum þeim stöðum þar sem engin merki eru um mannvirki er sleppt, þar með talið þjóðsögustöðum.

Eftirfarandi merkar þjóðminjar sem komu fram í svæðisskipulagi Miðhálandisins eru sýndar á sveitarfélagsuppdrætti Rangárþings eystra:

Búsetuminjar:

- **Fagraskógsból** norðan Eyjafjallajökuls (RA-614:001).
- **Þuríðarstaðir efri** í Þórsmörk (RA-644:004).
- **Tóftir í Húsadal** í Þórsmörk (RA-644:005)

Miðstöðvar gangnamanna:

- **Fagraskógsból** norðan Eyjafjallajökuls (RA-614:001).
- **Stakkhálsból** á Stakkholti



Hellisvellir

Ljósmynd: Teiknistofa arkitekta

- Stakksból á Stakkholti
- Í **Strákagili** á Goðalandi (RA-221:002) .
- **Valahnúksból** í Þórsmörk (RA-644:001-002).
- Búðarhamarsból í Þórsmörk
- Hellirinn **Almenningsból** á Almenninum (RA-615:004) .
- **Úthólmar** á Almenninum (RA-615:002).
- **Hellisvellir** á Grænafjalli (RA-643:006-087).
- **Hattfellsgil** á Emstrum (RA-653:003-004).

Samgönguleiðir:

- Fjallabaksleið syðri - (RA-653:001)

Í svæðisskipulagi Miðhálandisins er lagt til að gerð verði sérstök verndar- og kynningaráætlun á lykilstöðum, minjasvæðum og minjastöðum sem eru merkir fyrir menningarsögu landsins. Í Rangárþingi eystra var Þórsmörk valin vegna minja um forna búsetu.



Berjanes, austan við Holtsós

Ljósmynd: Jóhann Óli Hilmarsson

4. ATVINNULÍF

4.1. ATVINNUGREINAR

Rangárþing eystra er fyrst og fremst landbúnaðarhérað. Stór hluti annarra atvinnugreina byggist á landbúnaði og þjónustu við sveitirnar. Fjölmennustu atvinnugreinarnar hafa verið og eru hvers kyns þjónusta, verslun, iðnaður og landbúnaður. Árið 1998 voru skráð ársverk í sveitarfélaginu 794 og árið 2002 hafði þeim einungis fjölgað um 6 og voru þá 800.

Breytingar á fjölda starfandi í atvinnugreinum frá 1998 til ársins 2002 voru mjög litlar og segja má að hlutfallaskiptingin hafi haldist nær óbreytt. Þannig fjölgaði ótilgreindum um 9% milli árunna 1998 og 2002 sem hefur að öllum líkindum áhrif á hina atvinnugreinabálkana. Einnig er vakin athygli á því að um visst vanmat er að ræða á fjölda starfandi í landbúnaði þar sem mjög oft er aðeins karlinn skráður starfandi við búskap en konan kemur hvergi fyrir í opinberum skrá þótt hún sé bóndi til jafns við hann.


Á árinu 2002 voru íbúar á aldursbilinu frá 21 ára til 66 ára 913 í Rangárþingi eystra. Hlutfall ársverka af þeim fjölda er 87%. Hagstofa Íslands skilgreinir atvinnualdur frá 16 ára til 74 ára og í Rangárþingi eystra voru íbúar á þeim aldri 1.155 talsins árið 2002. Hlutfall ársverka var 68% af því aldursbili.

Ef miðað yrði við sama hlutfall ársverka og mannfjölda áfram þarf að gera ráð fyrir um 40-130 nýjum ársverkum í sveitarfélaginu á skipulagstímabilinu, allt eftir því hvaða dæmi um mannfjöldaþróun stuðst yrði við. Hér er um mjög grófa nálgun að ræða og mikil óvissa bæði í forsendum og reikningum, t.d. er fjöldi starfa og ársverk ekki sama talan auk þess sem hluti íbúa getur starfað í öðrum sveitarfélögum og hluti starfa í héraðinu eru unnin af íbúum annarra sveitarfélaga.

Hvolsvöllur er þungamiðja verslunar og þjónustu í sveitarfélaginu en einnig er nokkur þjónustustarfsemi á Skógum.


Rangárþing eystra er aðili að atvinnuþróunarsjóði Suðurlands. Markmið sjóðsins er að efla atvinnulíf á Suðurlandi og stuðla þannig að aukinni hagsæld á svæðinu með aðstoð við einstaklinga, fyrirtæki, félagasamtök, sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila í formi fjármagns og ráðgjafar.

Fjöldi starfandi eftir atvinnugreinabálkum í október 2002




Heimild: Atvinnuskýrsla Hagstofu Íslands 2003

Fjöldi lögbýla með greiðslumark í mjólkurframleiðslu



Heimild: Mjólkurbúi Flóamanna 2003

Fjöldi lögbýla með greiðslumat í kindakjötsframleiðslu



Heimild: Bændasamtök Íslands 2003

Líklegt er að ný störf skiptist milli atvinnugreina að mestu á svipaðan hátt og núverandi skipting starfa í sveitarfélaginu en þó með auknu vægi starfa í hvers kyns þjónustu og verslun og e.t.v. einhverri fækkun í landbúnaði. Einnig gæti hugsanleg aukin búseta til sveita (án tengsla við landbúnað) og uppbygging vandaðs bæjarumhverfis á Hvolsvelli haft í för með sér ný störf, jafnvel í greinum sem krefjast sérfræðimenntunar og sérhæfingar, sem yrðu möguleg með fjarvinnslu.

4.1.1. LANDBÚNAÐUR

Hefðbundinn landbúnaður, þ.e. framleiðsla sauðfjárafurða og mjólkur, er undirstöðu-atvinnugrein sveitarfélagsins. Helst er landbúnaðurinn stundaður í Landeyjum og undir Eyjafjöllum en er á undanhaldi í Fljótshlíð þar sem sumarhúsabyggð og frístundabúskapur færist mjög í vöxt. Af öðrum landbúnaði sem stundaður er í sveitarfélaginu má helst nefna hrossarækt og hæsnarækt. Meginhluti alls lands á láglandi telst vera landbúnaðarland. Afmörkun þess í aðalskipulagi verður dregin við 200 m.y.s.

Á fyrri hluta 20. aldar urðu grundvallarbreytingar í landbúnaði og búsetumynstri á landinu þegar útgerð, iðnaður og þjónustugreinar í þéttbýli lögðust við landbúnað sem undirstöðu-atvinnugreinar landsins. Umskiptin voru hröð frá bændasamfélagi yfir í að meirihluti landsmanna byggði í þéttbýli. Um þessar mundir gengur landbúnaðurinn enn í gegn um grundvallarbreytingar. Samanburður við önnur lönd, samskipti við Evrópu-sambandið og innflutningur landbúnaðarafurða fela í sér breytt rekstarumhverfi og breyttar áherslur. Búum fækkar og þau stækka jafnframt því sem lögð er áhersla á hagræðingu og tæknivæðingu þannig að nú framleiða fá og stór bú jafn mikið ef ekki meira en gert var áður á mun fleiri býlum og smærri. Gera má ráð fyrir að þessi þróun haldi áfram þannig að enn fækki búum og bændum jafnvel þótt framleiðsla aukist.

Kornrækt hefur verið stunduð samfelld í meir en hálföld í Rangárþingi eystra. Mest er hún í kringum kúabúskapinn þar sem kornið er notað sem kjarnfóður til mjólkurframleiðslu. Í undirbúningi er ræktun á próteinbættu afbrigði af bygg sem unnt verður að nýta til lyfjagerðar. Fyrsta útiræktunin á þessum nýju yrkjum fór fram í tilraunaskyni sumarið 2003. Enn munu þó líða nokkur ár þar til farið verður að framleiða þetta próteinbættu bygg í einhverjum mæli en þessi grein getur gefið bændum tækifæri til að framleiða korn sem gefur mun herra verð en hin hefðbundna fóðurkornframleiðsla gerir í dag.

4.1.2. SKÓGRÆKT

Skógrækt á vegum Suðurlandsskóga er ný grein í landbúnaði á svæðinu. Markmiðið með Suðurlandsskógum er að gefa sem flestum tækifæri á að taka þátt í fjölnytjaskógrækt og stuðla þannig að þróun og viðhaldi byggðar á svæðinu jafnframt því að græða og bæta landið og byggja nýja náttúruauðlind fyrir komandi kynslóðir. Með fjölnytjaskógrækt er átt við hvers konar skógrækt, sem gefur af sér fjölbreyttar nytjar eins og við, ber og sveppi, skjól og útivist, landslagsfegurð og margt fleira.

Verkefnið skiptist í þrjá meginþætti; timburskógrækt, skjólbeltarækt og landbótaskógrækt, sem þó skarast á mörgum sviðum. Af þessum þremur þáttum má telja þá tvo síðastnefndu til nýjunga í skógræktaráætlunum. Árið 2003 voru 16 þáttakendur í Suðurlandsskógum í Rangárþingi eystra.¹⁰

Auk Suðurlandsskóga koma Landgræðsla ríkisins, Skógrækt ríkisins og Skógræktarfélag Rangæinga að skógrækt á skipulagssvæðinu. Skógrækt ríkisins hefur ræktað upp skóga á Tumastöðum, Tungu, Kollabæ, Þórsörk og Goðalandi og í Múlakoti. Skógræktarfélag Rangæinga hefur í samstarfi við landeigendur séð um skógrækt á Skógum, Múlakoti, í landi Kotvallar og á bökkum Þverár.



4.1.3. LANDGRÆÐSLA

Landgræðsla ríkisins hefur yfirumsjón með landgræðslu í sveitarfélaginu. Hlutverk hennar er að vinna að verndun jarðvegs og gróðurs og er meginmarkmiðið að endurheimta, varðveita og auka þær auðlindir sem fólgnar eru í jarðvegi og gróðri landsins og tryggja sjálfbæra nýtingu þeirra.¹¹

Í Rangárþingi eystra er nokkurt jarðvegsrof. Aðallega er það við sandana, Skógasand og Landeyjasand, en einnig í fjalllendi Eyjafjalla og Fljótshlíð.

Eftirtalin svæði í Rangárþingi eystra eru í umsjón Landgræðslu ríkisins:

M 1. Landeyjasandur er formlegt landgræðslusvæði í umsjón Landgræðslunnar síðan 1955 og hefur Landgræðslan og landeigendur um árabil stundað þar

¹⁰ www.sudskogur.is

¹¹ www.landi.is

landgræðslu. Landeyjasandur er mikið sandfokssvæði og er svæðið friðað fyrir búfjárbæit.

- M 2. Seljaland er landgræðslusvæði í umsjón Landgræðslunnar.
- M 3. Árið 1990 gerðu Landgræðslan og Hvolhreppur samning um friðun Emstra, afréttarlands Hvolhrepps, fyrir búfjárbæit. Þessi samningur var endurnýjaður 2003.
- M 4. Þórsmörk er beitarfriðað svæði og í umsjón Landgræðslunnar. Þar er mikið landbrot frá Hvanná og Krossá inn í Mörk og er mikið verk þar unnið til að hindra það.
- M 5. Skógasandur er að stórum hluta landgræðslusvæði. Allur Skógasandur sunnan vegar er í umsjón Landgræðslu ríkisins. Norðan vegar er landgræðslusvæði á austurhluta sandsins.

Árið 1990 var gerður samningur milli Landgræðslunnar og Vestur-Eyjafjallahrepps um friðun Almenninga, Merkurtungna, Steinsholts og Stakkholts. Sá samningur hefur ekki enn verið endurnýjaður en svæðið er ekki nýtt til búfjárbeitar. Í fjallendi Eyjafjalla er víða mikið jarðvegsrof og rofabörð útbreidd þrátt fyrir mikið uppgræðslustarf bænda og Landgræðslunnar. Á Fljótshlíðarafrétti er töluvert jarðvegsrof og þar hefur lengi verið unnið að uppgræðslu og er útlit fyrir að það verði gert áfram.

Samstarfsverkefni Landgræðslunnar og bænda um uppgræðslu heimalanda hófst 1990 og kallast „Bændur græða landið“. Tilgangur verkefnisins er að styrkja bændur til landgræðslu á jörðum sínum, stöðva rof, þekja land gróðri og gera það nothæft á ný til landbúnaðar eða annarra nota. Árið 2003 voru alls 15 þáttakendur í verkefninu í Rangárþingi eystra.

4.1.4. IÐNAÐUR

Breytt rekstrarumhverfi í landbúnaði hefur haft afgerandi áhrif á byggingariðnað og byggingarstarfsemi í héraðinu. Í stað nokkurra fyrirtækja sem áður störfuðu í byggingariðnaði á svæðinu, steypustöðvar, húsgagnaverksmiðju og nokkurra trésmiðja, starfa nú sjálfstæðir iðnaðarmenn í byggingariðngreinum. Aðallega er þar um að ræða þjónustu við heimamenn, landbúnað og eigendur frístundahúsa.

Iðnaðarsvæði er við Ormsvöll sunnan Hlíðarveggar á Hvolsvelli. Á Hvolsvelli eru nokkur fyrirtæki í málm- og vélaiðnaði, m.a. stórt bifreiðaverkstæði. Tvö verktakafyrirtæki í vegagerð og jarðvinnu eru á Hvolsvelli.

Sláturfélag Suðurlands rekur kjötvinnslustöð á Hvolsvelli og er það stærsta fyrirtækið í sveitarfélaginu. Atvinnuástandið í iðnaði hefur batnað mjög eftir komu þess í héraðið.

Eitt athafnasvæði er í dreifbýlinu, þ.e. vélsmiðjan Faxi en hún er á lóð frá Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum. Svæðið er merkt með gráum lit og bókstafnum A á aðalskipulagsupprætti.

4.1.5. VERSLUN, ÞJÓNUSTA OG OPINBER ÞJÓNUSTA

Bættar samgöngur og aukin bílaeign hefur haft afgerandi áhrif á verslunarhætti undanfarna áratugi. Sérvara og hluti nauðsynjavöru er nú sótt á Selfoss og jafnvel höfuðborgarsvæðið. Á Hvolsvelli er þó fjölbreytt verslun og þjónusta fyrir íbúa og ferðamenn. Má þar m.a. telja smávöruverslun, söluskála, bensínstöðvar, hópferða- og áætlunarbíla, hestaleigu, rakara og snyrtistofu, apótek, bifreiðaskoðun, þvottahús, tannlæknastofu, dekkjaverkstæði, grillskála og hótél. Mestur hluti þessarar starfsemi er á miðbæjarsvæðinu beggja vegna þjóðveggarins svo og meðfram Hlíðarvegi.


Hvolsvöllur er miðstöð stjórnsýslunnar í héraðinu og þar eru stofnanir ríkis og sveitarfélags. Á vegum sveitarfélagsins eru þar skrifstofur hreppsins, leik- og grunn-skólar og félagsþjónusta (sjá nánar kafla 5.1). Af ríkisstofnunum á Hvolsvelli má helst nefna aðsetur Rafmagnsveitu ríkisins og Símans. Sýslumaður Rangárþings situr á Hvolsvelli og þar er lögreglustöð og slökkvistöð. Slökkvistöð er einnig í Skógum.

Svæði sem teljast til verslunar- og þjónustu í dreifbýli eru þrjú talsins og eru merktir með gulum lit, bókstafnum V og númeri á skipulagsupprætti. Þetta eru bensínstöð á Steinum undir Eyjafjöllum, sundlaug og tjaldstæði á Seljavöllum og flugstöð á Bakkflugvelli.

Ferðaþjónusta

Í Rangárþingi eystra eru nokkrir af fjölsóttustu áfangastöðum ferðamanna á landinu, bæði í byggð og á hálendinu. Hvolsvöllur er næsti þéttbýlisstaðurinn við þessa staði og er mikil umferð um bæinn af þeim sökum. Mikill fjöldi gesta sækir einnig heim Byggðasafnið að Skógum á hverju ári og Sögusetrið á Hvolsvelli, sem tengt er

Nr	Heiti	Lýsing
H1	Markarfljótsskáli	Gangnamannahús
H2	Fagriskógur	Fyrirhugaður skáli
H3	Húsadalur	Gistiskálar, þjónustuhús
H4	Langidalur	Sæluhús
H5	Básar	Sæluhús
G1	Leitamannaskáliinn Fell	Aðstöðuhús
G2	Skáli í Tindfjöllum	Fyrirhugaður skáli
G3	Skáli í Tindfjöllum	Skáli
G4	Skáli í Tindfjöllum	Skáli
G5	Skáli í Tindfjöllum	Skáli
G6	Bólstaðir	Gangnamannahús
G7	Almenningum við Ljósá	Fyrirhugaður skáli
G8	Efri-Botn í Emstrum	Gönguskáli
G9	Hattafellsgil	Gangnamannakofi
G10	Við Dagmálfjall	Fyrirhugaður skáli
G11	Fimmvörðuskáli	Gönguskáli
G12	Baldvínsskáli	Gönguskáli



Núverandi og fyrirhugaðir skálar, fjallasel og önnur mannvirki á hálendi Rangárbæjar eystra 2003.

sögusviði Njálu, er merkilegt framlag til ferðaþjónustu á landinu og raunhæft sóknarfæri í uppbyggingu hennar á Hvolsvelli.

Að öðru leyti snýst ferðaþjónusta aðallega um gistingu og veitingasölu. Einkum hefur þjónusta við ferðamenn aukist í Fljótshlíð og undir Eyjafjöllum en þar eru nokkur gistiheimili ásamt almennri ferðamannþjónustu (eldunaraðstöðu, tjaldsvæðum, sundlaug ofl.). Í óbyggðum, þ.e. á hálendinu og í Þórsmörk, eru ferða- og fjallaskálar við fjölfarnar gönguleiðir.

Sveitarfélagið rekur þrjá fjallaskála fyrir ferðamenn, Bólstað á Einhryningsflötum, Emstruskála við Markarfljót (á Mosum) og Fell við Þórólfsfell innst í Fljótshlíð. Aðrir ferðaskálar í sveitarfélaginu eru á vegum félagasamtaka, s.s. Ferðafélags Íslands, Útivistar ofl. Sveitarfélagið fær engar tekjur af þeim skálum.

Áningarstaðir ferðamanna og annarra í óbyggðum eru sýnd á skýringaruppdrætti. Skálar eru skilgreindir sem svæði fyrir verslun og þjónustu og fjallasel og önnur mannvirki sem svæði fyrir frístundabyggð með hliðsjón af skilgreiningu svæðisskipulags Miðhálandisins. Þar eru skálasvæði skilgreind sem staðir í góðu sambandi við vegakerfi með gistiskálum sem þjóna breiðum hópi ferðamanna, þar á meðal veiðimönnum, göngufólki og hestamönnum, en mörg þessara húsa eru jafnframt gangnamannaskálar. Skálasvæði í Rangárbæjar eystra hlaupa á númerunum H1-H5 en eru að öðru leyti ekki greind frá verslunar- og þjónustusvæðum. Fjallasel og önnur mannvirki eru skilgreind í svæðisskipulagi Miðhálandisins sem staðir í takmörkuðu eða engu vegasambandi. Þau hlaupa á númerunum G1-G12 en eru að öðru leyti ekki greind frá svæðum til frístundabygðar.

4.2. ATVINNUSVÆÐI

4.2.1. LANDBÚNAÐUR

Nær allt land utan þéttbýlis neðan við 200 m yfir sjávarmál er merkt á skipulagsuppdráttum sem landbúnaðarsvæði. Nýting landbúnaðarsvæða til landbúnaðar takmarkast síðan af staðháttum og landslagi eftir því sem við á, af friðun eða verndun náttúrufars og minja og af öðrum settum ákvæðum s.s. um beitartakmörkun og landgræðslu.

Nytjaskógrækt verður ekki afmörkuð sérstaklega í aðalskipulagi enda verði hún innan skilgreindra landbúnaðarsvæða. Önnur skógrækt sem ætluð er til yndis og útivistar verður skilgreind sem opin svæði til sérstakra nota.

4.2.2. IÐNAÐUR

Núverandi iðnaðar- og athafnarsvæði á Hvolsvelli er austan við Hlíðarveg, um 20 ha. Í aðalskipulagi Hvolsvallar 1990-2010 var því ætlað að þróast til suðurs. Þar var gert ráð fyrir 6 ha stækkun iðnaðarsvæðisins og ca. 2 ha svæði fyrir blandaða starfsemi, iðnað, verslun, skrifstofur og þjónustustarfsemi. Aðveitustöð Raríks stendur á 3 ha iðnaðarsvæði norðan byggðar og austan þjóðvegur.

4.2.3. VERSLUN, ÞJÓNUSTA OG OPINBER ÞJÓNUSTA

Verslun og þjónusta er fyrst og fremst á og við miðbæjarsvæðið á Hvolsvelli og í Skógum. Svæði fyrir ferðaþjónustu ýmiss konar eru í Fljótshlíð og undir Eyjafjöllum.

Í aðalskipulagi Hvolsvallar 1990-2010 var stærð miðsvæðis og svæðis fyrir opinberar stofnanir víðs vegar um þorpíð, verslanir og ýmsa þjónustu um 14,8 ha. Svæði til síðari aukningar á þessari starfsemi voru ráðgerð ca. 2,2 ha og gert ráð fyrir að þau þróuðust norðan núverandi miðbæjarsvæðis auk vissrar þéttingar í miðbænum.

Í Skógum er aðallega þjónusta tengd ferðamönnum, sumarhótel, tjaldsvæði og ýmis önnur þjónusta auk Bygðasafnsins sem er eitt helsta aðdráttarafl svæðisins.

Opin svæði til sérstakra nota í Skógum eru tjaldvæði, íþróttasvæði og brekkurnar ofan byggðar.

Í eldri skipulagsáætlunum var gert ráð fyrir að Suðurlandsvegur við Hvolsvöll yrði færður suður fyrir byggðina m.a. til þess að stækka miðbæjarsvæðið. Í aðalskipulagi Hvolsvallar 1990-2010 var ákveðið að fresta færslu vegarins um óákveðinn tíma.



Heimaland undir Eyjafjöllum

Ljósmynd: Teiknistofa arkitekta



Dvalarheimili aldraðra Hvolsvelli

Ljósmynd: Teiknistofa arkitekta

5. FÉLAGS- OG FRÆÐSLUMÁL

5.1. SKÓLAR

Stærsta verkefni sveitarfélagsins er rekstur grunnskólanna eftir að þeir fluttust frá ríki til sveitarfélaga árið 1996. Grunnskólar í sveitarfélaginu voru fjórir fram til haustsins 2004, Grunnskóli Austur Landeyja, Grunnskóli Fljótshlíðar, Hvolsskóli og Seljalandsskóli. Nemendur eru um 280, þar af um 50 í sveitaskólunum þremur. Sameining sveitarfélaganna, stórbættar samgöngur og vegakerfi, fólksfækkun til sveita og breytt aldursskipting hafa breytt rekstrarforsendum sveitaskólanna verulega. Þegar hefur verið ákveðið að Grunnskóli Austur-Landeyja verði sameinaður Hvolsskóla haustið 2004 og Grunnskóli Fljótshlíðar verði sameinaður Hvolsskóla haustið 2005.

Rangárþing eystra starfrækir tvo leikskóla, Paradís á Heimalandi undir Eyjafjöllum og Örki á Hvolsvelli. Fjöldi barna á leikskólaaldri er um 110.

Tónlistarskóli Rangæinga hefur aðalstöðvar á Hvolsvelli en kennsla fer fram á mörgum stöðum í sveitarfélaginu.

Fjölbrautarskóli er á Selfossi. Um 140 börn eru á framhaldsskólaaldri í sveitarfélaginu.

Að öllum líkindum mun fjöldi barna á skólaaldri verða svipaður og nú er í lok skipulagstímabilsins. Það yrðu því frekar breytingar á rekstri og heildarskipulagi skólamála í sveitarfélaginu sem áhrif gætu haft á húsnæðismál eða landþörf skólanna en fjölgun nemenda.

5.2. HEILBRIGÐISMÁL

Heilsugæslustöð er á Hvolsvelli og sinnir hún öllu sveitarfélaginu. Í gildandi aðalskipulagi Hvolsvallar er afmarkað sérstakt svæði, heilsugæslureitur, fyrir heilsugæslustöð og dvalarheimili aldraðra. Einnig er þar gert ráð fyrir íbúðum fyrir aldraða. Skipulag heilbrigðisþjónustu á Suðurlandi gerir ráð fyrir að íbúar sveitarfélagsins sækji sjúkrahúsþjónustu til Sjúkrahúss Suðurlands á Selfossi. Tannlæknisþjónusta er á Hvolsvelli en aðra sérhæfða læknisþjónustu verður að sækja til Selfoss og Reykjavíkur. Á Hvolsvelli er einnig starfandi dýralæknir.

Nr	Heiti	Staðsetning
SÓKNARKIRKJUR		
S1	Breiðabólssstaðarkirkja	Fljóts hlíð
S2	Hlíðarendakirkja	Fljóts hlíð
S3	Akureyjarkirkja	Landeyjar
S4	Krosskirkja	Landeyjar
S5	Stóra Dalskirkja	Undir Eyjafjöllum
S6	Ásólfsskálakirkja	Undir Eyjafjöllum
S7	Eyvindarhólakirkja	Undir Eyjafjöllum
ÖNNUR GUÐSHÚS, KAPELLUR/BÆNHÚS		
S8	Hvítasunnukirkjan	Fljóts hlíð
S9	Voðmúlasstaðakapella	Landeyjar
S10	Skógakirkja	Undir Eyjafjöllum
FÉLAGSHEIMILI		
S11	Goðaland	Fljóts hlíð
S12	Njálsubúð	Landeyjar
S13	Gunnars hólmir	Landeyjar
S14	Seljaland	Undir Eyjafjöllum
S15	Fossubúð	Undir Eyjafjöllum



Núverandi stofnanasvæði í Rangárbíngi eystra 2003

5.3. FÉLAGSPJÓNUSTA

Öldrunarþjónusta fyrir sveitarfélagið er á Hvolsvelli. Málefni fatlaðra er í umsjón Svæðisstjórnar Suðurlands. Á Hvolsvelli er starfrækt dvalarheimili aldraða, Kirkjuhvöll, við hlið heilsugæslustöðvarinnar. Þar er gert ráð fyrir séríbúðum fyrir roskið fólk og aldraða.

5.4. TRÚARSTOFNANIR

Í sveitarfélaginu eru tvö prestaköll, Breiðabólssstaðarprestakall og Holtsprestakall. Breiðabólssstaðarprestakall nær yfir Hvolsvöll og Fljótshlíð og eru Breiðabólssstaðarkirkja, Hlíðarendakirkja og Stórolfshvolskirkja á Hvolsvelli í því prestakalli. Holtsprestakall er í Landeyjum og undir Eyjafjöllum. Kirkjur í því prestakalli eru Akureyjarkirkja, Ásólfsskálakirkja, Eyvindarhólakirkja, Stóra Dalskirkja og Krosskirkja.

Kirkjugarðar í sveitarfélaginu eru 8 talsins, á Hvolsvelli, Breiðabólstað, Hlíðarenda, Akurey, Voðmúlastöðum, Krossi, Stóradal, Ásólfsskála og Eyvindarhóli. Auk þess eru niðurlagðir kirkjugarðar að Teigi í Fljótshlíð, Holti, Steinum og Skógum undir Eyjafjöllum, og heimagrafreitir í Múlakoti, Skúmstöðum og Seljalandi.

Kirkjur eru merktar með rauðleitum lit, bókstafnum S og númeri á skipulagsupprætti. Sjá einnig töflu.

Í Kirkjulækjarkoti er safnaðarmiðstöð hvítasunnuhreyfingarinnar á Íslandi. Á staðnum er gistiskáli, tjaldstæði og aðstaða fyrir tjaldvagna og húsbíla. Um 3.000 m² samkomuhús, Örkin, hefur verið reist á staðnum. Í Kirkjulækjarkoti halda hvítasunnunmenn mót á eigin vegum með reglulegu millibili en auk þess hefur aðstaðan verið leigð út til annarra kristinna safnaða.¹²

5.5. ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDAMÁL

Íþróttamiðstöð er á Hvolsvelli með sundlaug, íþróttahúsi og íþróttavöllum. Sundlaugar eru auk þess á Seljavöllum og Skógum.

¹²www.gospel.is



Eyvindarhólakirkja

Ljósmynd: Teiknistofa arkitekta

Félagsheimili í sveitarfélaginu eru sex talsins, þ.e. eitt heimili í hverjum gömlu hreppanna. Þetta eru félagsheimilin Fossbúð, (Austur-Eyjafjöllum), Goðaland (Fljótshlíð), Gunnarshólmi (Austur-Landeyjum), Seljaland (Vestur-Eyjafjöllum), Hvoll (Hvolsvelli) og Njalsbúð (Vestur-Landeyjum). Félagsheimilin nýtast í skólhaldi og félagsstarfi að einhverju leyti en forsendur fyrir fjölda þeirra eru breyttar frá því sem áður var.

Félagsheimilin eru merkt með rauðleitum lit, bókstafnum S og númeri á aðalskipulagsuppdraetti. Sjá einnig töflu yfir félagsheimilin.

Bókasöfn eru tvö, Héraðsbókasafn Rangæinga Hvolsvelli og Bókasafn Vestur-Eyjafjalla.

6. SAMGÖNGUR OG TÆKNIMÁL

6.1. SAMGÖNGUR

Bifreiðaumferð hefur aukist mjög mikið á síðustu áratugum á landinu öllu samfara aukinni bílæign, auknum frítíma fólks og bættu vegakerfi. Jafnframt hefur hlutfallið milli umferðar vegna atvinnulífs og nauðsynlegra erinda annars vegar og frítímaumferðar hins vegar breyst og fellur æ stærri hluti umferðarinnar í síðari flokkinn. Árið 2002 voru skráðir 545 fólksbifreiðar á hverja 1.000 íbúa á Suðurlandi¹³ og má ætla að bílæign sé svipuð í Rangárþingi eystra. Einkabíllinn er stór þáttur í ferðum íbúa og gera má ráð fyrir að hann verði það áfram.

Áætlunarferðir eru tvisvar á dag hvora leið milli Hvolsvallar og Selfoss/Reykjavíkur og Hvolsvallar og Víkur. Á sumrin eru auk þess áætlunarferðir inn í Þórsmörk og um Fjallabaksleið.

6.2. VEGAKERFI

Vegagerðin styðst við flokkun þjóðvega í stofn-, tengi-, safn- og landsvegi. Utan þjóðvegaflokkunar eru einkavegir. Þjóðvegur 1 er stofnvegur og vegir út frá honum í sveitarfélaginu eru flestir tengivegir en einnig landsvegir.

Þjóðvegur 1, Suðurlandsvegur, er helsta samgönguæð sveitarfélagsins. Af þjóðveginum liggja lykkjur og heimreiðar að bæjum og byggðahverfum. Þjóðvegur 1 er uppbyggður og lagður bundnu slitlagi. Brýr á honum eru allar tvíbreiðar.

Þjóðvegur 1 liggur um vesturjaðar byggðarinnar á Hvolsvelli. Í eldri aðalskipulagstíllögum, allt frá 1949, hefur verið gert ráð fyrir að vegurinn færist nokkuð vestur frá núverandi vegstæði en komi síðan á núverandi þjóðveg þar sem hann liggur yfir Garðsaukalæk. Helstu kostir við færsluna eru þægilegri beygja á veginum en jafnframt aukið landrými fyrir verslanir, þjónustufyrirtæki og stofnanir á spildunni milli núverandi og væntanlegs þjóðvegar. Þá voru einnig þau viðhorf ríkjandi að þjóðvegur svo að segja í gegnum byggðina eins og hann er í dag hefði í för með sér óæskilega truflun fyrir byggðina og slysaðu vegna hraðaaksturs um veginn þar sem hann fer um Hvolsvöll. Nú eru sjónarmiðin gjörbreytt. Samfara samdrætti í land-



Þjóðvegur 1, Hvolsvöllur fjær.

Ljósm.: Teiknistofa arkitekt.

¹³ Umferðastofa og Hagstofa Íslands

búnaði hefur þjónusta fyrirtækja á Hvolsvelli við aðliggjandi sveitir dregist saman. Hins vegar eru miklar vonir bundnar við ferðþjónustu sem aukist hefur hröðum skrefum undanfarinn áratug. Um nokkurt skeið hafa verið hugmyndir um að fresta um óákveðinn tíma færslu þjóðvegarsins m.a. til þess að fá ferðamenn til að staldra við á Hvolsvelli. Annar aðalvegur á Hvolsvelli er Hlíðarvegur sem er þjóðvegurinn í Fljótshlíð. Um Hlíðarveg skiptist byggðin þannig í meginatriðum að íbúðabyggð og stofnanir eru norðan vegar en iðnaður og athafnalóðir sunnan hans.

Vegagerðin er með teljara á nokkrum vegum í Rangárþingi eystra og frá þeim fæst umferðarþungi á vegunum (ÁDU umferð = meðalumferð á dag allt árið (bílar/sólarhring)). Þar sem ekki eru teljarar hefur Vegagerðin áætlað ÁDU umferð. Tafla yfir ÁDU er hér til hliðar.¹⁴

Umferðin um þessa vegi hefur í öllum tilvikum verið að aukast síðastliðin ár. Nokkrar ástæður liggja þar að baki ekki síst aukin ferðalög vegna aukins frítíma fólks. Í sveitarfélaginu eru enn fremur fjölsóttir ferðamannastaðir og frístundabyggð hefur vaxið hratt. Einnig hafa breytingar orðið á skipulagi vöruflutninga síðustu árin, þ.e. vörur eru nú nær eingöngu fluttar milli landshluta með vöruflutningabifreiðum í stað skipa.

Landgræðsla ríkisins hefur það hlutverk skv. lögum nr. 73/1975 að hindra landbrot og spjöll á nytjalandi af völdum vatna með fyrirhleðslum og lagfæringum á árfarvegum. Hún er í samstarfi við Vegagerðina við uppbyggingu varnargarða. Gríðarlega umfangsmikil verkefni vegna landbrots fallvatna eru í sveitarfélaginu og þá helst vegna Markarfljóts. Þar hefur verið unnið að fyrirhleðslum í nær heila öld, eingöngu í byggð. Landbrot er verulegt með nær öllum ám undir Eyjafjöllum og víða miklar gróðurskemmdir ofan og neðan þjóðvegur. Mikið landbrot er frá Hvanná og Krossá í Þórsmörk.

Á síðustu árum hafa komið fram meðal Vestmannaeyinga kröfur um bætta samgöngur við Eyjar, þ.e. styttri ferðatíma en nú er. Í dag er flogið til Vestmannaeyja frá Bakkflugvelli og tekur flugið um 6-7 mínútur og nýlega var ákveðið að bæta aðstöðuna á flugvellinum en hún hefur ekki verið talin góð. Herjólfur siglir milli Eyja og Þorlákshafnar og er ferðatíminn um 2 klst og 45 mín en eftir að bifreiða og farmaflutinignar hófust með Herjólfri annar hann oft vart eftirspurn. Til að bæta

¹⁴Vegagerðin. 2003

Vegheiti:	1997	2002	
Þjóðvegur 1, rétt austan Hvolsvallar	1007	1186	Talning
Þjóðvegur 1, rétt vestan Hvolsvallar	1301	1553	Talning
Fljótshlíðarvegur (vegur nr. 261)	262	311	Áætlun
Þórsmörkurvegur (vegur nr. F 249)	79	90	
Dímonarvegur (vegur nr. 250)	76	85	

samgöngur við Vestmannaeyjar er talið raunhæfast að bæta siglingaleiðina og þá annaðhvort með bættum og hraðskreiðaðri Herjólfí, nýjum bát eða byggingu ferjulægis við Bakkafjöru. Þó ber að nefna að Vegagerðin hefur látið gera forkönnun á vegtengingu um jarðgöng milli lands og Eyja.

Talið er að með endurbættum Herjólfí eða nýju skipi á siglingaleiðinni milli Eyja og Þorlákshafnar geti ferðatíminn farið niður í tvær klukkustundir. Er kostnaðurinn metinn frá 750 til 1.300 milljónum kr. við að bæta Herjólf og allt að 4 milljörðum kr. ef nýtt skip yrði keypt. Byggin ferjulægis við Bakkafjöru er á rannsóknarstigi hjá Siglingastofnun en frumathuganir benda til þess að það geti reynst bæði raunhæft og fýsilegt með tilliti til hentugleika og kostnaðar. Ef af því yrði má hugsa sér að ferja gangi frá Vestmannaeyjum á tveggja klukkustunda fresti en siglingin milli lands og Eyja kemur til með að taka um hálfu klukkustund. Áætlaður kostnaður er 2,5 milljarðar kr. en niðurstöður rannsóknarvinnunar ættu að liggja fyrir í lok árs 2005.

Vegtenging milli lands og Eyja hefur verið könnuð og voru tvær leiðir skoðaðar, annars vegar með gangnamunna við Kross í Landeyjum og hins vegar austan Seljalands. Krossleiðin yrði um 18 km að lengd og heildarkostnaður við gerð hennar áætlaður á bilinu 20-25 milljarðar kr. Seljalandsleiðin yrði 26 km löng og kostnaður áætlaður 25-35 milljarðar kr. Bent er á af Vegagerðinni að Vestmannaeyjagöng myndu liggja í virkasta gosbelti landsins.¹⁵

Miðað við að málið er enn á rannsóknarstigi þykir ekki ástæða til að taka afstöðu til kostanna í þessari aðalskipulagsáætlun.

6.3. GATNAKERFI Í ÞÉTTBÝLI

Í gegnum Hvolsvöll fara Suðurlandsvegur (Þjóðvegur 1) og Fljótshlíðarvegur (vegur nr. 261). Innanbæjar heitir Suðurlandsvegur Austurvegur og Fljótshlíðarvegur Hlíðarvegur. Báðir þessir vegir eru stofnbrautir og þjóðvegir í þéttbýli. Ekki verður gerður greinamunur á tengibrautum og safngötum á Hvolsvelli.

Umferðarhraðinn er þó nokkur á Hlíðarvegi þar sem hann liggur í gegnum bæinn, einkum í austurhlutanum, þar sem hröð umferð á Fljótshlíðarvegi kemur óhindruð inn í bæinn.

¹⁵ Samgönguráðuneytið. 2003



Vestmannaeyjar, séð frá Bakkaflugvelli.

Ljósmynd: Teiknistofa arkitekta.

6.4. FLUGVELLIR

Í sveitarfélaginu eru fimm flugvellir, tveir í umsjá Flugmálastjórnar og tveir í einkaeign.

Flugvellir í umsjá Flugmálastjórnar eru Bakkaflugvöllur í Landeyjum og flugvöllur á Skógasandi. Bakkaflugvöllur hefur tvær flugbrautir, bundið slitlag er á austur-vestur flugbrautinni en norður-suður brautin er grasbraut. Báðar brautirnar eru nú sjónflugsbrautir en gert er ráð fyrir að á þær verði sett blindflug síðar. Frá Bakka er stundað leiguflug, aðallega til Vestmannaeyja.

Flugvöllurinn á Skógasandi er sunnan þjóðvegur og er ein austur-vestur malarbraut fyrir sjónflug.

Hinar þrjár flugbrautirnar eru í einkaeign. Þær eru við Hvolsvöll, að Múlakoti í Fljótshlíð og í Þórsmörk. Á Hvolsvelli er flugbrautin vestan þjóðvegur á móts við aðveitustöð Rarík í landi Miðkrika. Þar er ein norður-suður braut. Múlakotsflugbraut er sunnan Fljótshlíðarvegur á móts við bæinn Múlakot. Þar er ein austur-vestur braut. Í Þórsmörk er ein austur-vestur flugbraut á aurum Markarfljósts utan við minni Húsadals.

6.5. HAFNIR

Engin höfn er frá náttúrunnar hendi í sveitarfélaginu og hafnarmannvirki engin. Ferjulægi á Bakkafjöru er á rannsóknarstigi og eru þar kannaðir möguleikar á því að koma á ferjusiglingum til Vestmannaeyja. Um yrði að ræða talsvert mannvirki en frumathuganir gefa tilefni til að fylgjast náið með framvindu málsins. Vegur að nýrri ferjuhöfn myndi einnig nýtast Bakkaflugvelli en á hinn bóginn má álykta að nokkuð myndi draga úr notkun hans með tilkomu ferjusiglinga þessa stuttu leið til Eyja.

6.6. GÖNGU- OG RÆÐLEIÐIR

Tvær helstu gönguleiðir hálendisins liggja um sveitarfélagið, Laugavegurinn svo kallaði milli Landmannalauga og Þórsmörkur og Fimmvörðuháls milli Skóga og Þórsmörkur. Margar aðrar styttri gönguleiðir eru skemmtilegar og tiltölulega auðveldar og á það til dæmis bæði við um leiðir kringum Drangshlíðarfjall, upp Kaldakalifsárdalinn að Seljavöllum og á sandinum meðfram brimládi ströndinni. Fjallgöngur og gönguleiðir í óbyggðum gefa sóknarfæri í ferðapjónustu á svæðinu.

Reiðleiðir liggja meðfram þjóðvegum sveitarfélagsins og inn á hálendið.

6.7. VEITUR

Í heilbrigðisreglugerð 536/2001 er gerð grein fyrir reglum sem gilda um vatnsveitur, vatnsból og verndarsvæði umhverfis þau ásamt rotþróm. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur tekið saman ástand vatnsveitu og fráveitu í sveitarfélaginu. Farið var á alla bæi og tekin sýni af neysluvatni og niðurstöðurnar birtar í greinargerð um vatnsveitur og fráveitur sveitarfélaga á Suðurlandi, 2001.

6.7.1. VATNSVEITA

Í öllu sveitarfélaginu er unnt að afla góðs drykkjarvatns. Vatn er nokkuð gott á Hvolsvelli, í Fljótshlíð og Landeyjum en misjafnt undir Eyjafjöllum. Vatnsveiturnar eru margar, bæði stærri veitur sem þjóna þéttbýlinu og minni veitur fyrir einstaka bæi og byggðir. Þrjár stærri veitur eru í sveitarfélaginu, vatnsveita Hvolsvallar, sem sækir vatn í lindir í Krappa, vatnsveita Vestmannaeyja í Syðstu Mörk en hún sér bæjum í austurhluta Landeyja og nokkrum bæjum í vesturhluta Eyjafjalla fyrir vatni ásamt Vestmannaeyjum og Tunguveita í Fljótshlíð og sér hún bæjum í vestur Landeyjum fyrir vatni.

Í uppsprettulind í Krappa við Rangá, nærri Tungufossi, fæst gott vatn, jafnt að gæðum. Frágangur vatnsbóla og miðlunartanks er gott svo og viðhald og eftirlit með veitunni. Afköst veitunnar eru 12 l/s en stærsti notandinn er vinnslustöð Sláturfélags Suðurlands á Hvolsvelli.

Vatnsverndarsvæðin fyrir Krappa hafa ekki verið samþykkt þar sem stærsti hluti grann- og fjarsvæða er utan marka sveitarfélagsins, í Rangárþingi ytra. Bent hefur verið á að í Krappa sé hægt að virkja mikið magn af mjög góðu neysluvatni sem nægt gæti fyrir stóran hluta Suðurlands. Það gefur tilefni til að skoða vatnsmiðlun þáðan um stærra svæði en nú er, m.a. til Hellu og í Þykkvabæ auk Fljótshlíðar og annarra svæða í grendinni. Efnasamsetning vatnsins í Krappa er öðru vísi og heppilegri en vatns úr vatnsveitum sem eru vestar og sækja vatn í grunnvatnsstrauma sem koma af áhrifasvæði Heklu. Vatnsvernd upp af vatnsbólum í Krappa er því ekki einungis hagsmunamál Rangárþings eystra.

Á uppdrætti er sýnd tillaga að vatnsverndarsvæðum innan marka Rangárþings eystra. Allt hraunið í Krappa er brunnsvæði og austur að sveitarfélagsmörkum við



Helstu vatnsból í notkun í Rangárþingi eystra 2003

Nr	Heiti	Lýsing
B1	Krappi	Vatnsveita Hvolsvallar
B2	Tunguveita	Vatnsveita f. hluta bæja úr Fljótshlíð, V-Landeyjar
B3	Kirkjulækjarveita	Kirkjulækjarhverfi, félagshemili og Hlíðarból
B4	Núpsveita	2 bæir
B5	Staðarveita	4 bæir
B6	Sámstaðaveita	3 bæir
B7	Grióta	4 bæir og frístundab
B8	Hallskot	40 frístundab
B9	Múlakot	
B10	Eyvindarmúli	
B11	Brekknaveita	
B12	Syðstamörk	Vatnsveita Vestmannaeyja, f. A-Landeyjar og V-Eyjafjöll
B13	Seljalandsveita	
B14	Álar	Varaveita fyrir Vatnsveitu
B15	veita í landi Fitjar	
B16	Hólaveita	Vatnsveita fyrir Nýjabæ, Sel, Fornusanda og Fitjar
B17	við Efstugrund	
B18	Steinaveita	
B19	Eyjarveita	
B20	Lambafellsveita	
B21	við Selkot	
B22	Hrútafellsveita	
B23	Drangshlíðarveita	
B24	Skógarveita	
B25	Eystri Skógar	

Rangárþingi ytra. Grannsvæðið nær frá ármótum Eystri Rangár og Fiskár um Tröllaskóg í Vatnafjallarana. Austurmörkin liggja frá Vatnafjallarana um Langvíuhraun í Rauðöldu um Rauðnefsstaðafjall og Þorleifsstaðafjall í Þríhyrning. Þaðan liggja mörkin við suðurmörk vatnasviðs Vatnsdalsár, vestur með Vatnsdalsvatni og austan bæjarhúsa á Árgilsstöðum og vestur fyrir hraunið í Krappa að Eystri-Rangá. Fjarsvæðið liggur í stórum dráttum frá ármótum Eystri-Rangár og Fiskár um Keldur og í topp Heklu, og þaðan í Laufafell. Suðurmörkin fylgja vatnaskilum Eystri-Rangár og Markarfljóts í Tindfjöll og þaðan á vatnaskilum Fljótshlíðar og Rangárvalla í Þríhyrning og vestur með Vatnsdalsfjalli, norðan við Markarskarð að ármótum Fiskár og Eystri-Rangár.¹⁶

Austurhluti Landeyja og nokkrir bæir í vesturhluta Eyjafjalla fá vatn úr vatnsæð Vatnsveitu Vestmannaeyja. Vatnsveitan tekur vatnið úr tveimur lindum sem eru virkjaðar í Syðstu Mörk. Vatnsgæði eru jöfn og góð. Brunnsvæði veitunnar er afgirt svæði í hlíðinni. Grannsvæðið er öll hlíðin upp af vatnsbólunum. Fjarsvæðið er svo skilgreint sem fjallið ásamt gílinu og er það óbyggt.

Vesturhluti Landeyja fær vatn úr Tunguveitu í Fljótshlíð. Vatnsból hennar er í Tungu í rúmlega 200 metra hæð u.þ.b. 100 metrum hærra en hraunbreiðurnar norðan við Vatnsdalsfjall. Brunnsvæðið er ekki girt. Grannsvæði hennar er lítið og nær nánast eingöngu til Vatnsdalsfjalls og er það svæði innan grannsvæðis Krappaveitu og er því ekki afmarkað sérstaklega. Fjarsvæði veitunnar lendir einnig innan fyrirhugaðs fjarsvæðis Krappaveitu.

Í Fljótshlíð eru nokkrar vatnsveitur sem þjóna bæjunum og nokkrum sumarhúsum. Allnokkrir bæir eru með eigið vatnsból. Helstu veiturnar þar eru Staðarveita, Núpsveita og Breiðabólstaðarveita.

Nokkrar litlar vatnsveitur þjóna bæjunum undir Eyjafjöllum. Vatnsgæði þar eru aftur á móti misjöfn. Helstu veiturnar eru Steinaveita, Hólaveita, Drangshlíðarveita, Hrútafellsveita og Skógaveita.¹⁷

Staðsetning helstu vatnsbóla eru merkt með bláum lit, bókstafnum B og númeri á uppdrætti. Sjá einnig lista yfir vatnsbólin.

¹⁶ Ómar Bjarki Smáráson, 1998

¹⁷ Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. 2001

6.7.2. FRÁVEITA

Rotþrær í sveitarfélaginu eru um 565. Fráveitumál eru góð á Hvolsvelli, Fljótshlíð og Landeyjum en misjöfn undir Eyjafjöllum.

Á Hvolsvelli er hreinsistöð fyrir frávatn og er um að ræða stóra rotþró og fer siturvagn gegnum siturlögn og síðan í yfirborðsvatn. Fitu- og fellubúnaður er við starfsstöð Sláturfélags Suðurlands á Hvolsvelli.

Rotþrær eru á flestum bæjum í sveitinni. Ekkert liggur fyrir um sameiginlega hreinsun seyru.¹⁸

6.7.3. HITAVEITA

Á Hvolsvelli er kyndistöð sem skerpir á hitaveituvatni frá Laugalandi. Hitaveitur eru víðs vegar um sveitarfélagið þar sem vatn hefur fengist með borunum og er vatnið notað til húshitunar og þurrkunar, m.a. á korni og heyi.

6.7.4. RAFVEITA

Rafmagnsveitur ríkisins, Rarik, annast rafmagnsdreifingu og orkusölu í sveitarfélaginu. Hlutverk þeirra er að afla, flytja, dreifa og selja orku og stuðla þannig að aukinni verðmætasköpun og farsæld í landinu. Rarik aflar orku með eigin framleiðslu og innkaupum og flytur hana um flutningskerfi til rekstrarsvæða sinna. Rafmagnslínur Rariks í sveitarfélaginu liggja ýmist ofan jarðar eða eru grafnar í jörð.

Einkarafstöðvar eru örfáar í sveitarfélaginu.

6.7.5. FJARSKIPTI

Sæstrengurinn CANTAT3, sem tengir Vestur Evrópu við Norður Ameríku, tengist ljósleiðara Símans í gegnum greinitengingu við Bakka í Landeyjum. Ljósleiðarakerfið er gagnaflutningsnet sem gerir tölvusamband um land allt mögulegt og öflugt. Einnig er unnt að flytja allt efni útvarps og sjónvarpsstöðva gegnum ljósleiðaranetið. Ljósleiðaranet Símans liggur hringinn um landið.

¹⁸ Heilbrigðiseffirlit Suðurlands. 2001.

Allt dreifikerfi Símans er komið í jörðu og sama gildir um ljósleiðarakerfið. Nokkrar sjálfvirkar símsstöðvar eru í sveitarfélaginu, ein á Hvolsvelli og aðrar í dreifbýlinu.

6.8. SORP

Sveitarfélagið er aðili að tveim sorpsamlögum sem bæði nýta urðunarstaði sem hafa starfsleyfi. Þetta eru Sorpstöð Suðurlands bs. og Hula bs.

Sorpstöð Suðurlands er í eigu 21 sveitarfélags í Árnes- og Rangárvallasýslum. Hlutverk stöðvarinnar er að annast sorpmóttöku og sorpförgun fyrir aðildarsveitarfélög og fyrirtæki. Sveitarfélögin hvert um sig sjá síðan um rekstur gámasvæða og sorphirðu.

Sorpstöð Suðurlands annast urðun á sorpi vestan Markarfljóts. Hún er með móttökustöðvar víðs vegar í sveitarfélaginu vestan Markarfljóts, 8 talsins. Á mörgum móttökustöðum er gert ráð fyrir flokkun sorps.

Starfsemi Sorpstöðvarinnar er í landi Kirkjuferjuháleigu í Ölfusi en þar var nýr urðunarstaður tekinn í notkun um mitt ár 1995 samkvæmt sérstöku starfsleyfi Hollustuverndar ríkisins (nú Umhverfisstofnun). Þar er einungis um að ræða sorpurðun. Á Strönd í Rangárþingi ytra er framleiðsluúrgangur og flokkaður úrgangur urðaður.

Austan Markarfljóts er það byggðarsamlagið Hula bs. sem annast urðun sorps á Skógasandi. Sorp er sótt heim á bæi vikulega. Timbri og járn er safnað í gám á gámavelli við urðunarstaðinn og rúlluplasti er einnig veitt þar móttaka en efni þessi eru urðuð á urðunarstaðnum. Ólíuúrgangi er safnað saman í Steinum og fluttur þaðan. Urðun fer fram á lokuðu svæði sunnan landgræðslugirðingar á Skógasandi en þar er sorpurðunarstaður sem fékk starfsleyfi Hollustuverndar ríkisins (nú Umhverfisstofnun) í janúar 2000 að undangengnu mati á umhverfisáhrifum. Starfsleyfið gildir til júní 2009. Leyfi er til urðunar allt að 400 tonna á ári á Skógasandi og er eftirlit í höndum Umhverfisstofnunar í samstarfi við heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

6.9. BRUNAVARNIR OG LÖGGÆSLA

Brunavarnir staðarins eru í höndum Ranárvallasýslu bs. sem hafa aðstöðu í Slökkvistöðinni á Hvolsvelli og slökkvistöð í Skógum. Brunahanar eru á Hvolsvelli og Skógum.

Löggæsla fyrir sveitarfélagið er með aðsetur á Hvolsvelli og þar eru einnig fangageymslur og sjúkrabifreið.

7. HELSTU HEIMILDIR

Bókmenntir

Fornleifastofnun Íslands. **Svæðisskráðar fornleifar í Rangárþingi eystra: Kortlagning á völdum minjum í tengslum við nýtt aðalskipulag.** Fornleifastofnun Íslands. FS231-04011. 2004.

Fornleifastofnun Íslands. **Fornleifaskráning á Hvolsvelli og í nágrenni.** Fornleifastofnun Íslands. FS232-04012. 2004.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, **Greinargerð um vatnsveitur og fráveitur sveitarfélaga á Suðurlandi.** 2001.

Jóhann Óli Hilmarsson. **Fuglastaðir í Rangárþingi eystra, frá Eystri Rangá að Fúlalæk.** 2004.

Ómar Bjarki Smáráson. **Vatnsvernd í Hvolhreppi, drög að skipulagi á verndun vatnsbóla.** Stapi ehf, Jarðfræðistofa. 1998.

Samgönguráðuneytið. **Skýrsla um samgöngur til Vestmannaeyja.** 2003.

Staðlaráð Íslands. Íslenskur staðall, **Eurocode 8: Design provisions for earthquake resistance of structures.**

Örn og Örlygur. **Íslandshandbókin.** 1989.

Aðrar heimildir

www.gospel.is Hvítasunnukirkjan á Íslandi – uppl. sóttar 10. mars 2004.

www.land.is Landgræðsla Íslands – uppl. sóttar 9. janúar 2004.

www.raunvis.hi.is Raunvísindastofnun Háskólans – uppl. sóttar 8. apríl 2004.

www.sudskogar.is Suðurlandsskógar – uppl. sóttar 30. október 2003.